# FRÉTTABLAÐIÐ

152. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 3. JÚLÍ 2019




Sumarblíðan fór mjúkum höndum í gær um Flatey á Breiðafirði og gesti hennar. Þessir hressu krakkar stóðust ekki mátið og óðu út í sjó til að kæla sig og skemmta sér um leið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Flatey er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Mistök á Landspítalanum viðurkennd

**Þrjú unnu bótamál gegn ríkinu vegna andláts föður síns. Fengu milljón hvert í miskabætur. Hjúkrunarfræðingur var sýknaður af manndrápi af gáleysi vegna andlátsins 2015. Að mati dómsins ber ríkið bótaábyrgð á mistökum „einhverra starfsmanna“ spítalans.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt þremur börnum manns sem lést á Landspítalanum árið 2012, miskabætur vegna stórfelldra mistaka starfsmanna Landspítalans við umönnun hans. Hjúkrunarfræðingur sem annaðist manninn var sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi árið 2016.

Eftir sýknudóminn sendu börn mannsins kröfu um miskabætur á ríkið. Ríkislögmaður hafnaði bótarétti þeirra með vísan til þess að ósannað væri að mistök hefðu leitt til andláts mannsins og að hjúkrunarfræðingur sem ákærður var vegna andlátsins hefði verið sýknaður. Börn mannsins töldu afstöðu ríkislögmanns ekki samræmast gögnum og höfðuðu því mál.

**» Mistökin sem leiddu til andláts mannsins mátti rekja til álags og undirmönnunar á spítalanum.**

Í kröfugerð vísuðu systkinin til umræddra gagna sem þau töldu leiða í ljós mistök við umönnun föður þeirra. Þrátt fyrir að ekki hafi verið sýnt fram á refsiverða háttsemi, beri ríkið ábyrgð á stórfelldu gáleysi starfsmanna sinna sem leitt hafi til ótímabærs andláts föðursins. Um mistökin vísa þau meðal annars til krufningarskýrslu og matsgerðar dómkvaddra matsmanna og skýrslu hjúkrunarfræðingsins hjá lögreglu þar sem hún játaði mistökin.

Mistökin hafi falist í því að starfsmönnum hafi láðst að tæma loft úr kraga barkaraufarrennu þegar faðir þeirra var tekinn úr öndunarvél, með þeim afleiðingum að hann hafi eingöngu getað andað lofti að sér en ekki frá sér.

Þá hafi starfsmönnum láðst að kveikja á hljóðmerki vaktara sem mæli súrefnismettun í blóði og hefði gefið frá sér öryggishljóð þegar súrefnismettun í blóði föður þeirra fór að falla og blóðþrýstingur hækkaði.

Vísað er til þess mats héraðsdóms í refsimálinu að þessi mistök hafi mátt rekja til álags og undirmönnunar. Vegna mistakanna, sem hvor um sig hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi starfsmanna spítalans, hafi faðir þeirra látist. **– aá / sjá síðu 4**

## Lausafjárstaðan versnar enn

**VIÐSKIPTI** Lausafjárstaða bankanna í krónum hefur versnað síðustu mánuði, að sögn fjármálastöðugleikaráðs. Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion, segir háar eigin- og lausafjárkröfur, auk minni arðsemi, gera það að verkum að aðgerðir til að lækka vexti beri ekki eins mikinn árangur og annars væri.

Hertar kröfur dragi úr getu bankanna til þess að auka útlán á sama tíma og hagkerfið þurfi á auknu lánsfé að halda. **– kij / sjá Markaðinn**



**Stefán Broddi Guðjónsson.**

## Segir ritstjóra spotta og hæða Bjarna formann

**STJÓRNMÁL** „Við blasa ein grimmustu innanflokksátök sem sögur fara af í áratugi,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, í grein í Fréttablaðinu í dag þar sem hún fjallar um klofning innan Sjálfstæðisflokksins vegna þriðja orkupakkans.

„Þetta mál er notað eða réttara sagt misnotað markvisst til að ná lengra,“ skrifar Þorgerður. Ritstjórar Morgunblaðsins kappkosti að lítillækka ritara og varaformann Sjálfstæðisflokksins. „Þá spotta og hæða ritstjórarnir formann Sjálfstæðisflokksins.“ **– gar / sjá síðu 11**









## Veður




Hæg suðvestanátt með smáskúrum sunnan- og vestanlands síðdegis, en dálítil rigning norðan- og austanlands. Hiti 10 til 18 stig að deginum, hlýjast norðaustanlands síðdegis. SJÁ SÍÐU 16



Íbúi í Breiðholti tilkynnti málið.

# Handtóku tvo eftir skothvelli í Breiðholti

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru handteknir í Breiðholti á mánudag og hald lagt á skotvopn og lítilræði af fíkniefnum.

Að sögn lögreglu barst tilkynning frá húsráðanda í Breiðholti um skothvell sem virtist koma frá húsi nágranna hans. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að ummerki í jarðvegi fyrir utan umrætt hús gáfu til kynna að þar hefði verið hleypt af skoti og var í kjölfarið fengin heimild til húsleitar.

**» Riffill og haglabyssa sem lögregla lagði hald á eru talin vera þýfi úr innbroti.**

Við framkvæmd leitarinnar var húsráðandi handtekinn auk annars manns sem var gestkomandi í húsinu. Hald var lagt á smáræði fíkniefna og þar að auki tvö skotvopn, haglabyssu og riffil, auk skotfæra. Grunur leikur á að skotvopnin séu þýfi úr innbroti.

Málið telst upplýst og hefur mönnunum verið sleppt.

Maðurinn sem var gestkomandi í húsinu er af erlendum uppruna. Hann var hér í ólöglegri dvöl og hafði verið vísað úr landi. Stoðdeild ríkislögreglustjóra hefur verið gert viðvart um hans mál. **– aá**

## Góður gestur á leikskólanum



Krakkarnir á Laufásborg léku við hvern sinn fingur á sumarhátíð leikskólans í gær. Tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson flutti þeim lög úr Fuglakantötu með ljóðum Jóhannesar úr Kötlum. Féll söngurinn í góðan jarðveg hjá börnunum jafnt sem fullorðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Þjóðverji í gegn um nálaraugað

**EVRÓPA** Leiðtogaráð ESB hefur tilnefnt Ursulu von der Leyen, þýska varnarmálaráðherrann, í embætti forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Leiðtogarnir hafa átt erfitt með að koma sér saman um tilnefninguna og gengið fram hjá meðal annars forsetaefni hægriflokkabandalagsins EPP, Manfred Weber.

Ef þingið samþykkir verður Leyen fyrsta konan til að gegna embættinu. Weber mun í staðinn sækjast eftir því að verða forseti Evrópuþingsins sem þykir ólíklegt að henni takist. Fyrsta umferð atkvæðagreiðslunnar fer fram í dag. Sagði Donald Tusk, forseti leiðtogaráðsins, í gær að leiðtogarnir hefðu ákveðið að jafnaðarmenn fengju sætið fyrri helming kjörtímabilsins. Sergei Stanishev þykir líklegur valkostur.

Þá var einnig tilkynnt um að Christine Lagarde, sem nú stýrir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sé tilnefnd í embætti forseta Evrópska seðlabankans. **– þea**

# Ástand allra skólanna í borginni verði metið

**Uppsöfnuð viðhaldsþörf í skólum Reykjavíkurborgar nam þremur milljörðum króna fyrir tveimur árum. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins vill að nú verði farið í markvissa úttekt og endurskoðun á fjármálaáætlun borgarinnar.**

**REYKJAVÍK** „Það þarf að endurmeta ástand og viðhaldsþörf alls skólahúsnæðis sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Ástandið er óviðunandi allt of víða. Þetta mun kosta gríðarlega fjármuni og því þarf að endurskoða fimm ára fjárhagsáætlun borgarinnar, enda ekki nokkur von til þess að hún muni standast,“ segir Valgerður Sigurðardóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði.

Dregið var úr viðhaldi á byggingum í eigu Reykjavíkurborgar á árunum eftir hrun. Í fyrra var fyrsta árið þar sem fjármunir fóru yfir viðmiðunarfjárhæð borgarinnar.

„Ég hef fengið gögn frá einum af fjármálastjórum borgarinnar sem sýna það svart á hvítu að óunnið en uppsafnað viðhald hjá Reykjavíkurborg var yfir fimm milljarðar árið 2017, þar af voru þrír milljarðar hjá Skóla- og frístundasviði. Þetta þýðir að þrír milljarðar hafa verið teknir af skólunum sem hefðu átt að fara í viðhaldskostnað en skiluðu sér ekki,“ segir Valgerður.

„Af framkvæmdu viðhaldi síðustu 10 ár hefur einn þriðji verið eignfærður sem hækkar stofnverð og þar með innri leigu um ókomin ár. Þetta er viðhald sem rétt væri að gjaldfæra en ekki eignfæra. Þetta er einfaldlega bókhaldsbrella til að reyna að fegra ástandið í viðhaldsmálunum.“

Valgerður segir að bætt hafi verið við viðhaldsfé en það hafi ekki komið til af góðu.

„Fossvogsskóli er nánast ónýtur. Miklar framkvæmdir standa yfir í Breiðholtsskóla vegna myglu. Seljaskóli er lokaður og þar verður ekki hægt að hefja kennslu í haust. Börn í Dalskóla fá samlokur fram til jóla því þar vantar mötuneyti. Nýjast er að í Gufunesi þarf að fá fleiri gámaeiningar því aðstaðan er óviðunandi. Það þarf að bæta við viðhaldsfé af illri nauðsyn.“

Vill Valgerður að í stað þess að skólastjórnendur þurfi sjálfir að ganga á eftir skoðun verði farið í markvissa úttekt og sýnatöku í skólum og öðru húsnæði borgarinnar.




Valgerður Sigurðardóttir segir sér hafa komið á óvart að sjá í fjölmiðlum að Fossvogsskóli væri verr farinn en fyrst var talið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það kæmi ekki á óvart að þessir fimm milljarðar í uppsöfnuðu viðhaldi séu bara toppurinn á ísjakanum.**
>
> Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Valgerður segir að hún hafi misst traust á upplýsingagjöf borgarinnar. „Við borgarfulltrúar lásum það í fréttum að staðan í Fossvogsskóla er mun verri en okkur var sagt. Það var nýbúið að kynna þetta fyrir okkur, þá var okkur sagt að allt væri í góðu og kennsla hæfist í haust. Þetta er í þriðja skiptið sem ég frétti það í fjölmiðlum að staðan er verri en á horfðist.“

Fær það hana til að spyrja sig hvað komi næst upp á yfirborðið. „Við vitum að frístundamiðstöðvar og leikskólar eru mjög víða í slæmu húsnæði. Það kæmi ekki á óvart að þessir fimm milljarðar í uppsöfnuðu viðhaldi séu bara toppurinn á ísjakanum. Ég vil bara fá að vita hvað vandinn er stór og ráðast í að laga það sem laga þarf,“ segir Valgerður Sigurðardóttir. **arib@frettabladid.is**



www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM94695








# Leikgleði á N1 mótinu

**N1 mótið á Akureyri**
**3. – 6. júlí 2019**

Ungir fótboltakappar koma árlega saman á glæsilegu N1 móti á Akureyri. Mótið er byggt á traustum grunni og er nú haldið í 33. skipti, dagana 3.- 6. júlí á KA svæðinu á Akureyri. Leikgleði ungra fótboltastjarna er aðalsmerki mótsins og við hvetjum alla sem koma og fylgjast með að deila ljósmyndum af gleðinni undir myllumerkinu #n1mótið.

**Góða ferð á N1 mótið 2019!**








## Leikurinn sem gerir sumarið skemmtilegra

**Fylltu bílinn af fjöri á leiðinni á N1 mótið og safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt á N1 stöðvum um allt land. Hver stimpill færir þér glaðning og þegar Vegabréfið er fullstimplað áttu möguleika á frábærum vinningum.**

**Góða skemmtun!**

N1 VEGABRÉF







#n1mótið

Alltaf til staðar N1

# Ótvírætt að rafbílar séu umhverfisvænni en bensín- og díselbílar

**SAMGÖNGUR** Það er mýta að rafbílar séu óumhverfisvænni en hefðbundnir bensín- og dísilbílar. Þó að kolefnisfótspor rafbíla við framleiðslu sé hærra þá eru bensín- og dísilbílar fljótir að fara fram úr þeim.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem gerð var fyrir Orku náttúrunnar. Í ljós kemur að bílar sem brenna jarðefnaeldsneyti losa 4 til 4,5 sinnum meira af gróðurhúsalofttegundum allt frá framleiðslu og yfir „líftíma“ sinn sé miðað við sambærilega rafbíla, er þeim er ekið á Íslandi. Er þá miðað við að þeim sé ekið 220.000 kílómetra. Í skýrslunni er ekki horft til losunar gróðurhúsalofttegunda við förgun rafbíla en þó sagt að áhrifin séu í versta falli innan við 2 prósent af heildarlosun bílsins.

Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ON, segir ánægjulegt að geta kveðið niður mýtur um rafbíla með ítarlegri skýrslu.



**Framkvæmdastjóri ON afhenti umhverfisráðherra skýrsluna.** MYND/ON

„Eitt helsta markmið okkar hjá ON við gerð þessarar skýrslu var að skoða hvort helstu mýtur um rafbíla ættu við rök að styðjast. Niðurstöður skýrslunnar taka af allan vafa um að rafbílar eru mjög umhverfisvænn kostur hér á Íslandi,“ fullyrðir Berglind.

Miklu máli skiptir upp á kolefnisfótsporið hvernig raforka í rafbíla er framleidd. Ólíkt mörgum öðrum löndum er öll raforka á Íslandi umhverfisvæn. Þess vegna sé Ísland kjörland til rafbílanotkunar út frá umhverfissjónarmiðum.

„Á hnattræna vísu dregur það úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda að aka rafbíl á Íslandi. Það er okkur mikil hvatning til að leggja okkur enn frekar fram um að auka hlutdeild rafbíla með fræðslu og áframhaldandi uppbyggingu innviða fyrir rafbíla,“ segir Berglind Rán Ólafsdóttir. **– ab**



**Hjónin nýgiftu hjóluðu um Vín.**

## Pawel og Anna í hnappheldduna

**FÓLK** Borgarfulltrúinn Pawel Bartoszek gekk í það heilaga með unnustu sinni, Önnu Heru Björnsdóttur, 28. júní. Þegar Fréttablaðið hringdi í Pawel var hann í brúðkaupsferð í Vínarborg. Pawel og Anna hafa verið par síðan þau kynntust sem nemar við Háskóla Íslands.

**Það dugar ekkert minna en það besta í heimi.**

Pawel Bartosek, borgarfulltrúi og brúðgumi.

„Við erum búin að vera saman í nítján ár og okkur fannst kominn tími til að stíga þetta skref. Það var enginn vafi lengur,“ segir Pawel kátur. „Við hjónin höfum eytt deginum í að hjóla um Vín, sem var valin besta borg í heimi hjá Mercer, annað árið í röð. Það dugar ekkert minna en það besta í heimi.“

Pawel segir ákvörðunina ekki hafa verið tekna í skyndi. Athöfnin var ekki stór í sniðum. Aðeins nánustu vinum og ættingjum var boðið. Pawel situr í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Viðreisn og var áður þingmaður fyrir flokkinn. Anna Hera starfar sem dönskukennari. Þau eiga saman tvo syni, þá Ágúst og Ólaf Jan. **– khg**

# Fannst heilbrigðiskerfið vilja hylma yfir mistökin í málinu

**Börn Guðmundar upplifðu reiði og vantraust í garð kerfisins eftir andlát föður síns á Landspítalanum. Stöðugur fréttaflutningur af máli hjúkrunarfræðingsins magnaði upp sorgina. Finnst enginn vilja gangast við ábyrgð á mistökum sem leiddu til andláts föður þeirra. Héraðsdómur dæmdi þeim bætur í apríl.**

**DÓMSMÁL** „Það var röð mistaka sem leiddi til dauða Guðmundar, eins og oft þegar slys verða. Að mínu viti skipti þar miklu álag og undirmönnun hjá Landspítalanum, sem leiddi til þess að verkferlum var ekki fylgt. Afleiðing þess var andlát föður skjólstæðinga minna,“ segir Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður systkina sem nýlega voru dæmdar bætur úr hendi ríkisins vegna andláts föður þeirra.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið sýnt fram á refsiverða háttsemi starfsmanna Landspítalans og bæði spítalinn og hjúkrunarfræðingur sem annaðist manninn hafi verið sýknuð í refsimáli sem höfðað var eftir atvikið, er það niðurstaða dóms Héraðsdóms Reykjavíkur að alvarleg mistök hafi verið gerð við umönnun mannsins sem ríkið beri bótaábyrgð á.

Systkinin byggðu bótarétt sinn á meginreglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð og töldu ríkið bera ábyrgð á alvarlegum mistökum starfsmanna sinna jafnvel þótt ekki liggi fyrir hvaða starfsmanni urðu á mistökin. Þetta eigi við hvort heldur sem mistökin urðu hjá einum starfsmanni eða afleiðing uppsafnaðra mistaka ótilgreindra starfsmanna stefnda; nafnlaus og uppsöfnuð mistök.

Í dómi héraðsdóms er fallist á með þeim að ríkið beri bótaábyrgð vegna atviksins. Í forsendum dómsins segir meðal annars að þótt vakt á spítalanum hafi verið fullmönnuð umrætt sinn hafi verið alvanalegt að hjúkrunarfræðingar aðstoðuðu hver annan enda þyrfti stundum tvo til að snúa sjúklingum og rannsóknir kölluðu gjarnan á viðveru tveggja starfsmanna. Staðan gat því verið sú að hjúkrunarfræðingar gætu ekki vakað óslitið yfir sínum sjúklingi. Þegar litið sé til þess að starfsmenn hafi því þurft að reiða sig á eftirlitstæki þegar vikið var frá sjúklingum hafi starfsmenn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa sívakann ekki þannig stilltan að hann gæfi frá sér hljóðmerki.



**Faðir systkinanna lést á gjörgæsludeild Landspítalans í október 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður.**

Svo segir: „Dómurinn fellst því á að stefndi beri bótaábyrgð vegna stórfelldra mistaka sem einhverjum starfsmanni Landspítalans urðu á við umönnun föður stefnenda.“

Í dóminum er vikið að sorgarferli barna mannsins og áfalli sem margfaldaðist þegar í ljós kom að andlát föður þeirra orsakaðist af mistökum við umönnun hans. Er því lýst hvernig systkinin hafi upplifað bæði reiði og vantraust í garð heilbrigðiskerfisins vegna atburðarins. Stöðugur fréttaflutningur af málinu hafi magnað sorg þeirra og reiði í garð kerfisins enda hafi þau upplifað framburð heilbrigðisstarfsfólks á þann hátt að verið væri að hylma yfir mistök þess. Enginn hafi verið reiðubúinn að gangast við ábyrgð á mistökunum sem hafi einnig verið þeim mjög þungbært.

Voru hverju þeirra dæmdar 1.000.000 kr. í miskabætur auk málskostnaðar. Dómurinn var kveðinn upp í apríl og hefur íslenska ríkið ákveðið að una dóminum og verður honum ekki áfrýjað.

**adalheidur@frettabladid.is**


Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!




Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is


# Gjörsamlega út fyrir öll velsæmismörk

**STJÓRNMÁL** Á laugardag mótmælti hópur nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur aðgerðarleysi stjórnmálamanna í loftslagsmálum, ásamt því að heimsækja umhverfisráð borgarinnar og læra um getu sína til aðgerða, gera mótmælaskilti og spila leiki tengda umhverfismálum og lýðræði. Um 40 til 50 manns af 2.250 tóku þátt. Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, er ósátt.

„Vinnuskólinn er kominn langt út fyrir verksvið sitt, þetta eru börn, ekki lögráða fólk. Þetta er gjörsamlega út fyrir öll velsæmismörk. Þessir krakkar eru ráðnir til vinnuskólans til þess að hjálpa til við að halda borginni hreinni. Ég er mjög hlynnt vinnuskólanum og vildi óska þess að hann gæti staðið yfir lengur, það er að segja allt sumarið til þess að kenna krökkunum að vinna og halda borginni hreinni, en ég fordæmi þetta, það er bara svar mitt,“ segir Vigdís.



**Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins.**

Aðspurð hvort þetta sé ekki framhald af skólaverkföllunum sem hafa staðið síðan í febrúar, þar sem börn á sama aldri og þau í vinnuskólanum mótmæltu alla föstudaga til skólaslita segir Vigdís skólaverkföllin vera sjálfsprottin.

„Það er á engan hátt hægt að tengja þessi tvö mál. Þetta er í stíl við allt í borginni, það er farið fram úr á öllum stöðum, manni er hætt að koma á óvart bullið sem á sér stað hérna í Reykjavíkurborg og stjórn hennar. Þetta er bara ein birtingarmynd þess, og þessi skólaverkföll koma þessu ekkert við.“

Vigdís kveðst vera komin á fulla ferð með málið.

„Ég ætla að fá upplýsingar um það af hverju ólögráða börn sem eru ráðin til vinnuskólans til þess að hjálpa til við að fegra borgina eru sett niður í Borgartún að búa til mótmælaspjöld og fara í kröfugöngu að beiðni borgarinnar, ég tel að þetta sé alveg á mörkunum að vera löglegt,“ útskýrir Vigdís.

Málið er á dagskrá borgarráðs á morgun og skólastjóri vinnuskólans verður boðaður á fund ásamt formanni umhverfisráðs. Ræða á málið í dag í umhverfis- og heilbrigðisráði þar sem Vigdís á sæti.

„Síðan er Viðar Freyr Guðmundsson [flokksbróðir Vigdísar] búinn að senda erindi um þetta mál til umboðsmanns barna, og það verður mjög spennandi að sjá að hverju umboðsmaður barna kemst í þessu máli.“ **– pk**




**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

# Sveitarstjóri segir starfsmanni hafa orðið fótaskortur á tungunni

**RAUFARHÖFN** „Ég harma það að þessum ágæta starfsmanni hafi orðið fótaskortur á tungunni. Við munum fara yfir það betur hvernig á að svara íbúum, en þetta eru þó mistök sem allir geta gert og ég veit að hann sér mjög eftir því hvernig hann svaraði þessu,“ segir Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings vegna ummæla framkvæmda- og þjónustufulltrúa sveitarfélagsins sem féllu í Fréttablaðinu á mánudag.


Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings.

Í fréttinni vaf fjallað um uppþornandi tjarnir á Raufarhöfn og gerði starfsmaðurinn lítið úr áhyggjum íbúa á Raufarhöfn af málinu.

Ummælin hafa vakið reiði meðal bæjarbúa sem í Facebook-hópi íbúa hafa sagt ummælin vera hrokafull, kaldhæðin og lítillækkandi.

Um ástand tjarnanna segir Kristján engan hafa séð uppþornun þeirra fyrir.

„Það mun enginn líða að það verði einhverjar varanlegar afleiðingar fyrir þessar tjarnir. Verkefnið var jákvætt þegar farið var af stað með það og lengi hafði verið beðið eftir því, enda verkefni sem á bara að hafa jákvæð áhrif á bæinn,“ segir Kristján.

Gunnar Hrafn hefur beðist afsökunar á ummælum sínum á Facebook-síðu sveitarstjórnarinnar. **– pk**

# Óhollt mataræði lækkar sæðistöluna

**Þórhallur Ingi Halldórsson prófessor tók þátt í stórri rannsókn á frjósemi danskra hermanna. Niðurstöðurnar voru að óhollt mataræði hefur mjög mikil áhrif á sæðistöluna. Þeir hermenn sem borðuðu mikið af fiski, hvítu kjöti og grænmeti komu best út.**

**VÍSINDI** Nýlega gerðu vísindamenn við Háskóla Íslands, Harvardháskóla og nokkra danska háskóla rannsókn á áhrifum mataræðis á sæðistölu karla.

Niðurstöðurnar eru þær að óhollt mataræði veldur mun minni frjósemi en hjá þeim sem velja hollara mataræði. Einnig að sæðistala karlmanna á Vesturlöndum hefur lækkað um nærri 60 prósent undanfarna fjóra áratugi.

Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, tók þátt í rannsókninni sem var nýlega birt.

Helstu gögnin sem notuð voru við rannsóknina voru skýrslur sem notaðar eru til að meta hæfni Dana til herþjónustu; skýrslur um tæplega 2.400 heilbrigða karlmenn á aldrinum 18 til 22 ára frá árunum 2008 til 2017. Þórhallur segir:

„Þessar skýrslur gefa mjög góða mynd af ástandinu. Oft þegar rannsóknir á frjósemi eru gerðar þá eru viðfangsefnin fólk sem er að leita sér hjálpar vegna ófrjósemi. En þessir menn vita ekki hvort þeir eru frjóir eða ekki. Við skráðum mataræðið hjá þeim og skoðuðum hvort það væru tengsl á milli þess og frjóseminnar.“

Mönnunum var skipt í fjóra flokka eftir mataræði.

Í fyrsta lagi þá sem átu mjög feitan mat og sykraðan mat eins og skyndibita og orkudrykki. Annars vegar þá sem borðuðu mikinn fisk og hvítt kjöt. Í þriðja lagi svokallaðan smörrebröd-flokk sem borðaði mikið af köldu kjöti, fisk, korni og mjólkurafurðum og að lokum grænmetisætur. Þá voru gögn um sæðistölu notaðar við rannsóknina sem og greining á ýmsum kynhormónum.


**Viðfangsefni rannsóknarinnar voru danskir hermenn á aldrinum 18 til 22 ára, á níu ára tímabili.** NORDICPHOTOS/AFP

Vísindamennirnir sáu umtalsverðan mun á hópunum, sérstaklega þeim fyrsta og hinum þremur. Þeir sem borðuðu mikið af skyndibita voru með að meðaltali 25,6 milljón sæðisfrumum færri en þeir sem voru með hæstu töluna. Almenn viðmið um heilbrigða sæðistölu í hverju sáðláti eru 39 milljón frumur. Það voru hins vegar ekki grænmetisæturnar sem komu best út heldur þeir sem borðuðu mikinn fisk og hvítt kjöt. Smörrebröd-hópurinn kom næstverst út.

„Það er vitað að þegar fólk er að glíma við skerta frjósemi þá hefur breytt mataræði og inntaka til dæmis fjölvítamína hjálpað til að laga ástandið. Mataræði er heldur ekki það eina sem hefur áhrif. Miklar hjólreiðar, reykingar, streita og fleira spilar inn í. Þegar ákveðinni hegðun er hætt þá eykst frjósemin að einhverju leyti,“ segir Þórhallur.

Um það hvort óhollt mataræði geti valdið varanlegum skaða á frjósemi, segir hann: „Við vitum það ekki enn. Við höfum séð sæðistölu hækka eitthvað við breyttan lífsstíl en það getur verið að þetta geti haft áhrif til lengri tíma. Það krefst hins vegar frekari rannsókna. Það tekur sæðisfrumur vanalega um þrjá mánuði að þroskast.“

Spurður um hvað karlmaður þurfi að borða óhollt í langan tíma til að þessi áhrif komi fram svarar Þórhallur: „Þeir sem borða óhollt, dýrafitu, unnin kolvetni, sykur og slíkt, gera það yfirleitt að staðaldri. En ef menn myndu allt í einu taka upp á því að borða óhollt myndi það taka einn til þrjá mánuði að hafa áhrif á frjósemina.“

Frjósemi hefur verið minni á Vesturlöndum en í öðrum heimshlutum. Þórhallur telur að mataræðið geti verið einn þáttur í því.

„Stærsti þátturinn er sá aldur þegar fólk á Vesturlöndum ákveður að eignast börn. En lífsstíll getur einnig útskýrt minni frjósemi,“ segir Þórhallur.

Að sögn Þórhalls eru ýmsar kenningar um það af hverju sæðistala karlmanna á Vesturlöndum hefur farið lækkandi.

„Til dæmis kenning um hormónatruflandi efni sem hefur frekar lítið staðið undir sér. Matur er hins vegar stór þáttur í lífi okkar allra og þar hefur töluverð breyting átt sér stað á undanförnum áratugum.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

**Við höfum séð sæðistölu hækka eitthvað við breyttan lífsstíl en það getur verið að þetta geti haft áhrif til lengri tíma. Það krefst hins vegar frekari rannsókna.**


Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor við Háskóla Íslands


**Björn Snæbjörnsson hjá Starfsgreinasambandinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Baráttuviljinn nú harðari

**KJARAMÁL** Samtök íslenskra sveitarfélaga neita því að þeir lægst launuðu séu settir út í kuldann líkt og Starfsgreinasambandið og Efling halda fram.

Sveitarfélögin hafa þegar samið við nokkur einstök sambönd og stéttarfélög um að þeirra félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélögunum fái greiddar 105.000 kr. þann 1. ágúst næstkomandi.

Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, segir ólíðandi sé að þær þúsundir félagsmanna SGS og Eflingar fái ekki greiðsluna. Muni þetta herða baráttuviljann í haust.

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands sveitarfélaga, segir stéttarfélögin bera ábyrgð á því að félagsmenn þeirra fái ekki slíka greiðslu. „Það voru þeir sem vísuðu viðræðunum til Ríkissáttasemjara, þetta er ekki í okkar höndum lengur,“ segir Inga Rún. Næsti fundur hjá sáttasemjara verður haldinn í lok ágúst. **– ab**

# Kynnir áform um einkaframkvæmdir

**SAMGÖNGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur kynnt drög að lagasetningu um aðkomu einkaaðila að framkvæmdum við Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga. Drög að frumvarpi voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í gær sem gerir ráð fyrir heimild til að bjóða tilteknar framkvæmdir út sem samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Miðað er við að lögin taki til brúar yfir Ölfusá, brúar yfir Hornafjarðarfljót, Axarveg, tvöföldun Hvalfjarðarganga og Sundabrautar.

Miðað er við að umrædd verkefni yrðu meðal annars fjármögnuð með gjaldtöku en þó um takmarkaðan tíma. Að þeim tíma liðnum félli gjaldtaka niður. Samkvæmt frumvarpsdrögunum mun ábyrgð einkaaðila ná til fjármögnunar verkefnisins, í heild eða að hluta, framkvæmdarinnar sjálfrar auk reksturs og viðhalds samgöngumannvirkjanna. Þá er kveðið á um að í lok samningstíma færist eignarhald innviða yfir til ríkisins.

Ráðherra hyggst leggja frumvarpið fram á komandi haustþingi.

**Tveir valkostir Sundabrautar að mati starfshóps**





Sigurður Ingi Jóhannsson, samgönguráðherra.

Ráðherra kynnti einnig í gær skýrslu starfshóps um Sundabraut. Í niðurstöðum hópsins eru tveir valkostir taldir koma til greina; jarðgöng yfir í Gufunes og lágbrú sem þverar hafnarsvæðið við Kleppsvík. Hvorki botngöng né hábrú yfir Kleppsvík voru taldir fýsilegir kostir. **– aá**


Allt fyrir gönguferðina
Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 32.995,-
Hilleberg Nallo 2GT
5000mm vatnsheldni
Verð 147.995,-
Vango Scafell 200+
5000mm vatnsheldni
Verð 36.995,-
Vango Tempest Pro 300
5000mm vatnsheldni
Verð 45.995,-
Mammut Kompakt MTI
3-season
Verð 29.995,-
Gregory Amber 34L
Verð 22.995,-
Húfur og vettlingar
í miklu úrvali
Mammut Nair Hooded Jacket
Women
Verð 17.595,-
Klymit Insulated
Static V Lite
6.4cm
Verð 18.995,-
Princeton Tec Axis
Verð 7.595,-
Vango Pottasett 1 manns
Verð 4.995,-
Rudy Project Stratofly
Verð 13.995,-
Vango Pico
göngustafir
Verð 7.995,-
Mammut Hiking Pants
Verð 12.995,-
Mammut Kento High GTX
Verð 32.995,-
Vango Hitabrúsi 500ml
Verð 2.195,-
Primus Lite
Verð 22.995,-
MAMMUT
SWISS 1862
KLYMIT
PRIMUS
Vango
Princeton Tec
HILLEBERG
THE TENTMAKER
RUDY PROJECT
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is



**Lögregla hefur beitt táragasi gegn mótmælendum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Vilja stilla til friðar í Hong Kong sem fyrst

**KÍNA** Sérstök skrifstofa Kommúnistaflokks Kína í höfuðborginni Peking um málefni Hong Kong og Macau fordæmdi í gær áhlaup sem mótmælendur í Hong Kong gerðu á þinghús sjálfstjórnarhéraðsins á mánudag. Fjöldi mótmælenda kom sér þá inn í þinghúsið og vann spellvirki á málverkum, húsgögnum og öðru. Þá var kallað eftir því að yfirvöld í borginni stilltu til friðar hið fyrsta.

Mótmælaalda hefur riðið yfir Hong Kong frá því í maí. Á áttunda tug hafa særst í aðgerðum lögreglu og rúmlega þrjátíu verið handtekin. Mótmælin kviknuðu vegna frumvarps um að leyfa skyldi framsal til meginlands Kína en eftir að frumvarpinu var stungið ofan í skúffu hafa mótmælendur einkum beint spjótum sínum að Carrie Lam, æðsta stjórnanda Hong Kong, og krafist afsagnar hennar.

Geng Shuang, upplýsingafulltrúi hjá kínverska utanríkisráðuneytinu, sagði áhlaupið á þinghúsið hafa verið gróft lögbrot. Hann kallaði eftir því að Bandaríkin og ESB fordæmdu það og bætti við að það væri mikil hræsni fólgin í því að fordæma ekki gjörðir mótmælenda. „Það er tvískinnungur að segjast einungis styðja réttinn til friðsamlegra mótmæla. Við vitum öll hvernig lögreglan í Bandaríkjunum og Evrópu tekur á ofbeldi og framfylgir lögum,“ bætti Geng við. **– þea**



**Ekkert sarín.** NORDICPHOTOS/AFP

## Óttuðust sarínárás á Facebook

**BANDARÍKIN** Skrifstofur Facebook í hinum svokallaða Kísildal Bandaríkjanna voru rýmdar sem og fjögur önnur nærliggjandi hús eftir að sjálfvirkir skynjarar í póstrými fyrirtækisins sýndu að snefilmagn af saríngasi væru utan á sendingu sem barst fyrirtækinu. Saríngas er öflugt taugaeitur sem hefur verið notað í efnavopnaárásum.

Áhyggjurnar reyndust óþarfar að lokum og sagði slökkviliðsstjórinn Jon Johnston við Reuters að ítarlegar prufur á svæðinu hafi leitt í ljós að ekkert sarín væri þar að finna. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem ástand sem þetta myndast, en sama skrifstofuhúsnæði var rýmt í desember vegna sprengjuhótunar.

„Til þess að gæta fyllstu varúðar rýmdum við næstu fjórar byggingar og hófum ítarlega rannsókn í samstarfi við yfirvöld á svæðinu. Yfirvöld hafa staðfest neikvæðar niðurstöður og hafa húsin verið opnuð á ný. Verklagsreglur okkar reyndust góðar til þess að takmarka hættu og tryggja öryggi starfsfólks,“ sagði upplýsingafulltrúi hjá samfélagsmiðlarisanum. **– þea**

## Harmleikur í Mumbai



Að minnsta kosti fimmtán fórust í gær þegar veggur hrundi vegna þess mikla monsúnregns sem fallið hefur á indversku borgina Mumbai. Borgarlífið hefur verið í lamasessi undanfarna tvo daga vegna rigningarinnar. Hér má sjá björgunarstarfsfólk og björgunarstarfshund leita að líkamsleifum sem og hverjum þeim sem gæti hafa lifað slysið af. Mikil flóð hrella íbúa svæðisins einnig þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

# Mótmælt af krafti á fyrsta degi

Evrópuþingið kom saman í fyrsta sinn frá kosningum. Þrjá katalónska þingmenn vantaði og lögðu hundruð Katalóna leið sína til Strassborgar að mótmæla meðferð á þeim. Bretar buðu upp á sín eigin mótmæli.



**Katalónskir sjálfstæðissinnar mótmæltu af krafti í hinni frönsku Strassborg í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**FRAKKLAND** Breskir útgöngusinnar og Evrópusinnar sem og katalónskir sjálfstæðissinnar létu duglega í sér heyra á fyrsta degi nýs Evrópuþings þegar þingmenn komu saman í Strassborg, Frakklandi, í gær í fyrsta sinn frá því þeir náðu kjöri í lok maí.

Mótmæli hinna katalónsku snerust um þá þrjá þingmenn sem ekki hafa getað tekið sæti. Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnarinnar, og Toni Comin, fyrrverandi heilbrigðisráðherra héraðsins, hafa ekki getað tekið sæti þar sem þeir eru í sjálfskipaðri útlegð í Brussel vegna ásakana um uppreisn á Spáni.

Til þess að taka sæti þyrftu Puigdemont og Comin að ferðast til Madrídar og sverja spænsku stjórnarskránni hollustueið en hafa ekki gert það vegna hættu á handtöku. Jafnvel þótt þeir gætu farið beint til Frakklands gætu þeir verið handteknir. Spænska lögreglan hefði heimild til þess á grundvelli samkomulags við Frakka sem gert var árið 2002 samkvæmt katalónska héraðsmiðlinum ACN.

Sá þriðji, fyrrverandi varaforsetinn Oriol Junqueras, er aftur á móti í gæsluvarðhaldi á meðan hæstaréttardómarar ráða ráðum sínum og reyna að komast að niðurstöðu um hvort hann og ellefu aðrir Katalónar hafi gerst sekir um sömu glæpi, meðal annars uppreisn og uppreisnaráróður, og þeir Comin og Puigdemont.



**Nýkjörnir Frjálslyndir demókratar.** NORDICPHOTOS/AFP

Katalónskir sjálfstæðissinnar í þingsalnum stilltu upp ljósmyndum af fjarverandi félögum sínum á borð sín í þingsalnum í mótmælaskyni, en þeir álíta ásakanirnar pólitískar og Junqueras þar með pólitískan fanga. Fyrir utan mótmæltu hundruð Katalóna sem höfðu lagt leið sína yfir Pýreneafjöllin. Matt Carthy, írskur Evrópuþingmaður fyrir hönd Sinn Féin, studdi við bakið á Katalónunum og hafði BBC eftir honum að grafið væri undan trúverðugleika þingsins með því að ekki væri staðinn vörður um réttindi katalónskra kjósenda.

Bresku útgöngusinnarnir í Brexit-flokknum vöktu svo reiði Antonios Tajani, fráfarandi forseta þingsins, með mótmælum í þingsal.

Er Óður Beethovens til gleðinnar, einkennislag Evrópusambandsins, var spilað í þingsal stóðu Brexit-flokksmenn upp en sneru baki í salinn. Nigel Farage, leiðtogi flokksins, hafði fyrr lofað „skemmtilegri ögrun“.

„Að rísa á fætur er spurning um virðingu. Það þýðir ekki að þú sért endilega sammála sjónarmiðum Evrópusambandsins. Jafnvel þegar þú hlýðir á þjóðsöng annars ríkis áttu að rísa á fætur,“ sagði Tajani.

Og svo voru það Frjálslyndir demókratar, breski flokkurinn sem hefur talað einna hæst gegn útgöngunni. Flokksmenn klæddust skærgulum bolum sem ýmist stóð á „Stop Brexit“ eða „Bollocks to Brexit“. **thorgnyr@frettabladid.is**

# SKÓLATÖSKUDAGAR

## 3.-14. júlí

**25% afsláttur**

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi

**Allar JEVA töskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:**

- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki



JEVA skólataska 16 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l
**10.499 kr**
verð áður 13.999 kr



JEVA skólataska 21 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr




Pulse skólataska
**7.424 kr**
verð áður 9.899 kr



JEVA skólataska 21 l
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



Pulse skólataska
**6.674 kr**
verð áður 8.899 kr



tvær töskur í einni

Pulse skólataska
**12.674 kr**
verð áður 16.899 kr

24 Opið allan sólarhringinn Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# RÚV og Google



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Úrræðaleysi stjórnmálamanna í málefnum einkarekinn fjölmiðla er algjört. Á meðan vex Ríkisútvarpið og dafnar með margra milljarða meðgjöf frá almenningi auk þess sem stofnunin er í bullandi samkeppni við einkamiðla um auglýsingatekjur í ójöfnum leik.

Nýjasta dæmið um skilningsleysi stjórnmálamanna er svar ráðuneyta við fyrirspurn frá Píratanum Birni Leví Gunnarssyni sem spurði um kaup stofnana ríkisins á auglýsingum á erlendum samfélagsmiðlum. Fréttablaðið tók tölurnar saman og í ljós kom að dæmi eru um að útgjöld til slíks hafi ríflega tífaldast á árunum 2015-2018.

„Stefnan var að efla íslenska fjölmiðla og þarna er sérstaklega verið að taka ákvörðun um að auglýsa annars staðar. Tekjur flestra fjölmiðla eru í auglýsingasölu og þarna er verið að beina auglýsingatekjum annað,“ sagði Björn Leví.

Í fjölmiðlafrumvarpi menntamálaráðherra þar sem gert er ráð fyrir að skipta 350 milljóna framlagi frá ríkinu milli einkamiðla er tækniþróun fjölmiðlamarkaðarins tekin fyrir. Þar segir að Ísland hafi ekki farið varhluta af þeim breytingum á rekstrarumhverfi sem átt hafa sér stað síðustu ár með aukinni tækniþróun og alþjóðavæðingu. Þar er einnig tekið fram að æ stærri hluti auglýsingatekna renni til erlendra samfélagsmiðla og leitarvéla sem sé sjálfstætt vandamál.

Það skýtur því skökku við að á meðan ráðherrann þykist skilja þann bráðavanda sem að íslenskum fjölmiðlum steðjar snýr hún sér við og kaupir auglýsingar af þeim sömu og hún segir vera við það að ganga af íslenskum fjölmiðlamarkaði dauðum.

Samkeppni íslenskra einkamiðla við erlend fyrirtæki á borð við Google og Facebook er staðreynd. Henni væri hægt að taka fagnandi ef stjórnmálamenn löguðu lagaumhverfið að nútímanum, í stað þess að bjóða upp á miðjumoð á borð við það frumvarp sem nú liggur á borðinu.

Af mörgu er að taka. Ein hugmynd er að leyfa auglýsingar á áfengi í íslenskum miðlum. Rökin fyrir banninu eru löngu fallin um sjálf sig. Áfengisauglýsingar er að finna úti um allt. Netið hefur orðið til þess að áfengisauglýsingar sjá allir, þótt þær séu bannaðar í dagblöðum. Þær eru í erlendum tímaritum sem flutt eru til landsins og seld í íslenskum bókabúðum. Þær eru á samfélagsmiðlum sem heyra ekki undir íslenska lögsögu en allir hafa aðgang að og svo í beinum sjónvarpsútsendingum, aðallega frá íþróttaleikjum.

Á meðan stjórnmálamenn tala um mikilvægi fjölmiðla á tyllidögum er beint framlag ríkisins til Ríkisútvarpsins um 4,7 milljarðar á ári. RÚV sækir svo um 2,3 milljarða til viðbótar með auglýsingasölu í samkeppni við einkareknu miðlana. Draumsýn menntamálaráðherra með fjölmiðlafrumvarpi sínu er sú að eitthvað lagist á rammskökkum fjölmiðlamarkaði með því að ríkið leggi fram til einkamiðlanna það sem nemur um 5 prósentum af árlegri forgjöf Ríkisútvarpsins.

Og svo auglýsir hún draumsýnina á Facebook.

> **Draumsýn menntamálaráðherra með fjölmiðlafrumvarpi sínu er sú að eitthvað lagist á rammskökkum fjölmiðlamarkaði.**




Halldór



## Frá degi til dags

**Upplýstur og ábyrgur Sigmar**
**Margir ráku upp stór augu þegar samfélagsrýnirinn og veitingamaðurinn fyrrverandi Sigmar Vilhjálmsson var ráðinn talsmaður FESK, nýstofnaðs félags svína-, eggja- og kjúklingabænda. Þar á hann að „stuðla að upplýstri og ábyrgri umræðu“ um landbúnað. Sigmar, sem hefur farið mikinn að undanförnu í gagnrýni sinni á þriðja orkupakkann, var á tímabili talinn ætla að snúa aftur í veitingabransann en nú er ljóst að það frestast um ótiltekinn tíma. Er því skrifað í skýin að Sigmar verði ofarlega, ef ekki efstur, á lista Miðflokksins í næstu kosningum.**

**Almennilegt hægri-vinstri**
**Stjórnmálaáhugamenn fagna nú umræðunni um sykurskattinn. Loksins er komin umræða sem hægt er að setja á gamla, góða hægri-vinstri skalann. Hvort það sé hlutverk ríkisins að stýra neyslu borgaranna. Viðreisnar- og Sjálfstæðismenn efast en vinstrimenn fagna. Munurinn á stöðunni nú og áður er að nú er engin leið að vita hvernig málið endar. Það er þá hægt að lenda því með málamiðlun milli stjórnarflokkanna eða leyfa þinginu að taka sjálfstæða ákvörðun. Það hverfur ekki því enginn fer að slíta ríkisstjórn til að spara tíkalla á kóki í dós. Nema einhver flokkanna nenni í málþóf.** arib@frettabladid.is

# Framtíð fjölmiðlunar



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Í haust mun ég mæla fyrir frumvarpi um breytingu á fjölmiðlalögum. Það frumvarp markar tímamót fyrir einkarekna fjölmiðla hér á landi sem með því geta fengið opinberan fjárstuðning vegna öflunar og miðlunar frétta og fréttatengds efnis. Ljóst er að síðustu ár hafa rekstrarforsendur einkarekinna fjölmiðla hér á landi versnað til muna. Margar ástæður eru fyrir þeirri þróun svo sem örar tæknibreytingar og minnkandi auglýsingatekjur fjölmiðla samhliða breyttri neysluhegðun. Fjölmiðlafrumvarpið gerir ráð fyrir tvíþættum stuðningi til þess að mæta þeirri þróun en með frumvarpinu er leitast við að Ísland skipi sér í hóp hinna Norðurlandanna og fleiri ríkja í Evrópu sem þegar styrkja einkarekna fjölmiðla.

Fjölmiðlar gegna þýðingarmiklu hlutverki við miðlun upplýsinga og sem vettvangur umræðu og skoðanaskipta. Markmið þessarar aðgerðar er þannig bæði að efla fjölmiðlun hér á landi vegna mikilvægis hennar fyrir þróun lýðræðis í landinu og þróun tungumálsins. Fjölmiðlar eru lykilþátttakendur í því sameiginlega hagsmunamáli okkar að efla íslenskuna og fá fólk til að fylgjast með samfélagsumræðu á sínu eigin tungumáli. Íslenskt efni í fjölmiðlum, hvort heldur frumsamið, þýtt, textað, táknmálstúlkað eða talsett, skiptir höfuðmáli til að viðhalda tungumálinu.

Við viljum skapa frjóan jarðveg fyrir fjölbreytta flóru fjölmiðla hér á landi. Fjölmiðlafrumvarpið byggir á ítarlegri undirbúningsvinnu og var unnið með aðkomu margra sérfræðinga, fulltrúa hagsmunaaðila og annarra flokka. Með nýjum lögum verður til styrkjakerfi sem verður einfalt og fyrirsjáanlegt. Ávinningur þess verður einnig styrkari ritstjórnir og aukið gagnsæi á fjölmiðlamarkaði. Við lifum á spennandi tímum sem einkennast af örum breytingum. Fjölmiðlar verða að hafa tækifæri til þess að mæta þeim breytingum og þróast með þeim. Nýtt fjölmiðlafrumvarp styður við grundvallarstarfsemi þeirra, öflun og miðlun vandaðra frétta og fréttatengds efnis.

> **Íslenskt efni í fjölmiðlum, hvort heldur frumsamið, þýtt, textað, táknmálstúlkað eða talsett, skiptir höfuðmáli til að viðhalda tungumálinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ræður Sjálfstæðisflokkurinn ekki við EES?



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Fyrir þremur árum var ég í hópi fólks sem stóð andspænis þeirri þungu ákvörðun að láta leiðir skilja með Sjálfstæðisflokknum. Ástæðan var fyrst og fremst sú að okkur fannst að flokkurinn væri fastur í ákveðinni rörsýn. Útséð væri um að hann gæti haft forystu um að mæta þeim nýju áskorunum 21. aldar sem kalla á meiri þátttöku Íslands í fjölþjóðasamvinnu. Við fundum einfaldlega ekki umburðarlyndi gagnvart frjálslyndum skoðunum af því tagi. Það hvarflaði þó aldrei að mér að eftir þrjú ár ættum við eftir að horfa á gamla félaga berast á banaspjót vegna þeirra mála sem leiddu öðru fremur til þess að frjálslynt fólk víða af pólitíska litrófinu stofnaði Viðreisn. Við blasa ein grimmustu innanflokksátök sem sögur fara af í áratugi. Þeir leiðrétta mig kannski sem þekkja betur til átakasögu Alþýðubandalagsins og Sósíalistaflokksins á síðustu öld.

**Hlutur ritstjóra Morgunblaðsins**

Ritstjórar Morgunblaðsins, Davíð Oddsson og Haraldur Johannessen, hafa farið fyrir þeirri fylkingu sem andvíg er innleiðingu þriðja orkupakkans. Þeir fullyrða að innleiðingin brjóti gegn stjórnarskrá og grafi undan fullveldi landsins. Stærri geta pólitísk ágreiningsefni varla orðið. Þá staðhæfa ritstjórarnir að þingmenn sem styðja málið eigi lítinn sem engan stuðning í röðum almennra flokksmanna og forystufólks í flokksfélögum.

Athyglisvert er að ritstjórarnir hafa kappkostað að lítillækka ritara og varaformann Sjálfstæðisflokksins sem hafa verið öflugir talsmenn innleiðingar og alþjóðasamstarfs. Þær eru sagðar svo óskýrar í hugsun, ungar og óreyndar að engum hefði á árum áður dottið í hug að fela slíku fólki trúnaðarstörf af þessu tagi.

Þá spotta og hæða ritstjórarnir formann Sjálfstæðisflokksins með því að benda í sífellu á að hann hafi verið á móti málinu í byrjun en sé því nú fylgjandi – af óskiljanlegum ástæðum.

**Hlutur Þórdísar Kolbrúnar, Áslaugar Örnu og Björns Bjarnasonar**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, varaformaður flokksins, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ritari hafa verið einarðar og málefnalega mjög sterkar í röksemdafærslu gegn staðhæfingum ritstjóra Morgunblaðsins. Þegar nær dró afgreiðslu málsins nutu þær einnig öflugs stuðnings Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra.

Ég hef líka fylgst með kjarnyrtum málflutningi Björns Bjarnasonar, fyrrum ráðherra. Hann hefur með málefnalegum rökum sýnt fram á að ekki stendur steinn yfir steini í málflutningi ritstjóranna. Innleiðingin stangist ekki á við stjórnarskrá og ógni ekki fullveldinu. Spurningar af því tagi eigi við EES-samninginn í heild og hafi verið til lykta leiddar þegar hann var samþykktur fyrir aldarfjórðungi, þegar annar tveggja ritstjóranna gegndi einmitt embætti forsætisráðherra.

En þessu málefnalega og þróttmikla fólki hefur á hinn bóginn ekki tekist að hrekja þær fullyrðingar ritstjóra Morgunblaðsins að þorri flokksmanna og forystumanna flokksfélaga standi eins og klettur gegn þingmönnunum. Að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi ekki baklandið með sér í orkupakkamálinu. En það er einmitt sá veruleiki sem veldur því að þessi átök marka þáttaskil í stjórnmálasögunni.

**Málalyktir í þessari lotu**

Forystukonur Sjálfstæðisflokksins hafa sýnt að málefnalega standa þær feti framar en margir þeir karlar sem lengst hafa gegnt æðstu forystuhlutverkum í flokknum.

Ástæðuna fyrir skoðanaflökti formannsins sýnist mér leiða af stöðu hans í þverklofnum flokki. Í byrjun umræðunnar vissi hann að það var ekki stuðningur í baklandinu. Eftir framgöngu varaformanns, ritara og utanríkisráðherra hefur hann talið að nægjanlegur stuðningur væri kominn þannig að honum væri óhætt að tala eins og hjarta hans slær. Það virðist ekki hafa verið rétt stöðumat.

Eins og Björn Bjarnason hefur ítrekað bent á snúast spurningarnar um stjórnarskrá og fullveldi um EES-samninginn sjálfan en ekki þetta afmarkaða orkupakkamál. Þeir sem eru í forystu fyrir andstöðunni vita það mætavel. Þetta mál er notað eða réttara sagt misnotað markvisst til að ná lengra.

**Það er fullkomlega óásættanlegt að ríkisstjórn þurfi meira en tvö ár til að koma innleiðingu af þessu tagi í gegnum þingið. Ekki þurfi frestinn til að vinna málið betur heldur til að lægja innanflokksöldur.**

Einmitt þess vegna eru átökin svona hatrömm.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins munu samþykkja innleiðinguna í ágústlok. En eftir stendur flokkur sem er klofinn í afstöðu til stærsta og þýðingarmesta fjölþjóðasamningsins sem Ísland á aðild að. Þau átök munu standa um mörg ókomin ár. Ný tilefni verða fundin til að viðhalda átökunum um EES með tilheyrandi þrýstingi. Ólíklegt er að þingmenn Sjálfstæðisflokksins standist aftur slíkan þrýsting.

**Mynda þarf nýja kjölfestu í utanríkismálum**

Á síðustu öld var Sjálfstæðisflokkurinn óumdeilanlega kjölfestan þegar kom að utanríkispólitík landsins. Þetta eru því einhver mestu málefnalegu hamskipti sem orðið hafa í einum stjórnmálaflokki. Kjarni málsins er sá að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ekki og munu ekki á næstu árum hafa nægjanlegan stuðning í baklandinu til þess að geta borið ábyrgð í ríkisstjórn á framkvæmd EES-samningsins. Það sjá allir. Hvaða mál verður tekið í gíslingu næst?

Það er fullkomlega óásættanlegt að ríkisstjórn þurfi meira en tvö ár til að koma innleiðingu af þessu tagi í gegnum þingið. Ekki þurfi frestinn til að vinna málið betur heldur til að lægja innanflokksöldur. Hvorki þjóðin né atvinnulífið getur búið við slíkt fimbulfamb og óvissu. Til þess eru almannahagsmunir of miklir.

Markmiðið má heldur ekki einskorðast við það að verja það sem við höfum. Hitt er ekki síður mikilvægt að vera reiðubúin að takast á við nýjar áskoranir í fjölþjóðasamvinnu. Rétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafði burði til á síðustu öld.

Formaðurinn er í vandræðum. Afturhaldsöflin í Sjálfstæðisflokknum eru harður andstæðingur. Nú, líkt og fyrir þremur árum og allar götur síðan, standa þeir frjálslyndu í flokknum frammi fyrir því að þurfa að kyngja pólitísku erindi sínu til þess að friða baklandið í þverklofnum flokki – eða leita einfaldlega á önnur mið. Næstu kosningar þurfa að snúast um nauðsyn þess að á Alþingi myndist meirihluti sem getur tryggt nýja kjölfestu í utanríkismálum. Viðreisn mun leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.





## Álfrún Pálsdóttir
*kynningarstjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands*

Leikurinn fer 3-1 fyrir Val. Elín Metta með þrennu og Breiðablik klórar í bakkann með einu marki.

## Stefán Árni Pálsson
*blaðamaður*



Fyrsti risaleikurinn í Pepsi Max deild kvenna. Þeir verða ekki margir. Hinn fer fram á Kópavogsvelli þegar Valskonur mæta í heimsókn. Í þessum leik verða bæði lið hrædd um að tapa og leikurinn mun því aldrei ná neinu flugi. Spái 1-1 og bæði mörkin koma úr vítaspyrnum. Seinni leikur þessara liða verður algjör úrslitaleikur og tel ég að reynsla leikmanna Vals skili dollunni í hús undir lok tímabilsins.

## Brynjar Benediktsson
*annar eigandi Soccer and education*



Þetta er leikur sem varla er hægt að spá um. Valsstúlkur hafa verið mjög öflugar í sumar og mikil bæting síðan í fyrra. Þetta eru tvö langbestu lið landsins, Steini og Pétur hafa byggt upp virkilega skemmtileg lið. Ég veit að Fanndís verður í stuði gegn sínum gömlu félögum en Steini og Blikastelpurnar hans munu enda sem sigurvegarar í þessum leik og verða Íslandsmeistarar. Steini kann bara að vinna. Hafnfirðingarnir Karó og Alexandra búa til sigurmarkið í þessum leik.



# Spurt um stórleikinn

**Í kvöld fer fram einn af úrslitaleikjum Pepsi Max deildar kvenna þegar Valur og Breiðablik mætast. Liðin eru jöfn að stigum á toppnum. Fréttablaðið fór á stúfana og spurði hvernig færi.**



## Gunnar Birgisson
*íþróttafréttamaður á RÚV*



Bæði lið stefndu sennilega á tvennuna fyrir mót og þá sérstaklega Valur. Nú er það úr sögunni og því er allt undir. Á Valsvellinum á morgun mætast tvö varkár lið sem vilja ekki tapa, líkleg niðurstaða er 1-1 og bæði lið ganga þokkalega sátt af velli. Breiðablik stendur síðan uppi sem Íslandsmeistari, það virðist fátt stoppa Steina Halldórs og hans konur, hvað þá þegar þær finna lykt af titli.

## Kristjana Arnarsdóttir
*íþróttafréttakona á RÚV*



Þetta verður stærsti leikur sumarsins enda hvorugt liðið búð að misstíga sig í deildinni hingað til. Bæði lið eru úr leik í bikarkeppninni og því ljóst að Íslandsmeistaratitillinn er það eina sem liðin eru á höttunum eftir í sumar. Valur hefur skorað meira hingað til og þær eru til alls líklegar fyrir framan markið. Valur mun stýra leiknum en Blikarnir eru þéttir til baka. Ég held að leiknum muni ljúka með 1-1 jafntefli, Elín Metta og Karólína Lea muni sjá um að skora mörkin. Steini Halldórs, þjálfari Blika, er þannig gerður að hann sættir sig ekki við titlalaust sumar og því verður Breiðablik Íslandsmeistari eftir æsispennandi lokasprett í haust."



## Nökkvi Fjalar Orrason
*eigandi Swipe*

2-1 fyrir Val og Valur endar sem Íslandsmeistari.

Karólína Lea skorar fyrir Breiðablik en Valur vinnur þar sem Elín Metta og Hlín klára leikinn fyrir þær rauðklæddu.

# Grét vegna meiðsla í kálfa

**FÓTBOLTI** Emil Lyng, leikmaður Vals, sást með tárin í augunum eftir sigurleik Vals gegn HK í Pepsi deild karla. Sigurbjörn Hreiðarsson, einn af þjálfurum Vals sagði í samtali við Fréttablaðið að danski sóknarmaðurinn hefði fengið eitthvað í kálfann og óttaðist að meiðslin væru slæm. Svo slæm að hann yrði lengi frá. „Hann langar að sýna sig og sanna fyrir Valsmönnum og þetta fékk á hann. Það á eftir að koma í ljós hvað hefur gerst en við vonum það besta enda er hann frábær leikmaður," sagði Sigurbjörn.

Emil Lyng kom til Vals fyrir tímabilið og byrjaði á því að skora í fyrsta leik gegn Víkingi. Hann meiddist í maí og var að snúa til baka. Hann fékk sénsinn gegn HK en það var fyrsti leikurinn hans í byrjunarliðinu í rúman mánuð.

> **Það á eftir að koma í ljós hvað hefur gerst en við vonum það besta enda er hann frábær leikmaður.**
>
> Sigurbjörn Hreiðarsson

Frammistaða hans í leiknum þótti ekki nógu góð og var hann tekinn út af eftir um klukkutíma leik sárþjáður í kálfanum.

Valsmenn tryggðu sér krafta Patricks Pedersen í vikunni en Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára hafa verið að ná vopnum sínum að undanförnu eftir brösuga byrjun. – bb




Emil Lyng er hér lengst til hægri ásamt Lasse Petry og Gary Martin sem er horfinn á braut. Ólafur Jóhannesson er til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Laugardalsvöllur uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra kappleikja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Undirbúningur hafinn að nýjum Laugardalsvelli

**FÓTBOLTI** KSÍ birti í gær frétt á heimasíðu sinni þar sem fagnað er stofnun undirbúningsfélags vegna nýs þjóðarleikvangs. Er þar sagt að nú sé hafinn lokaáfangi að undirbúningsvinnu nýs þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnulandslið Íslands. Vonast sambandið til að komist verði að niðurstöðu eins fljótt og mögulegt er.

KSÍ, Reykjavíkurborg og ríkið undirrituðu stofnsamning þann 12. júní að mögulegri uppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Núverandi Laugardalsvöllur uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra kappleikja – fyrir leikmenn, dómara og starfslið, fyrir fjölmiðla, fyrir vallargesti og þá sérstaklega aðgengi og aðstöðu fatlaðra. Leikir í umspili undankeppni EM 2020 fara fram í mars og er óvíst hvort hægt sé að leika slíkan leik á vellinum. Trúlega myndi þá íslenska landsliðið leika sinn heimaleik einhvers staðar í Skandinavíu.

Megintilgangur félagsins er að undirbúa lokaákvörðun um mögulega endurnýjun vallarins og undirbúa þá útboð um byggingu hins nýja mannvirkis. Það yrði gert í tveimur þrepum. – bb

# Gylfi ekki með til Kenía

**FÓTBOLTI** Everton heldur til Kenía á föstudag en liðið kom saman til æfinga á mánudag. Gylfi Sigurðsson er þó enn að njóta hveitibrauðsdaga sinna og fær frí ásamt nokkrum öðrum úr liðinu. Liðið mun spila leik gegn Kariobangi Sharks á sunnudag. Í blaðinu the Daily Nation segir að hákarlarnir frá Kariobangi hafi komið upp um deild fyrir tveimur árum og lítill áhugi sé í landinu fyrir leiknum. „Flestir stuðningsmenn Kariobangi koma úr fátækrahverfinu þar sem þeir draga fram lífið á innan við dollara á dag. Ef það væru bara stuðningsmenn liðsins sem myndu mæta væru um 10 þúsund manns á Moi International Sports Centre vellinum en kannski verður fullt. Það er mikið búið að kynna leikinn," segir í blaðinu en völlurinn tekur 60 þúsund manns. Þar segir enn fremur að mikill áhugi sé á Everton enda sé Theo Walcott mjög vinsæll í landinu. Tottenham sé þó vinsælasta liðið í landinu enda spilar Victor Wanyama, fyrirliði landsliðsins, með Lundúnaliðinu. – bb



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. júlí 2019 | 26. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







## Vekja sofandi risa

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins, horfir til þess að hefja útflutning á húðvörum. Hann kallar það að vekja sofandi risa. Fyrirtækið fjárfesti fyrir 13 milljarða á fimm árum í innviðum, þar á meðal fimm stjörnu hóteli. » 6-7



**Tíminn hefur unnið með okkur. Nú er vörumerkið margfalt þekktara og sterkara en nokkru sinni fyrr.**

Grímur Sæmundsen

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



»2

### Kynnisferðir stefna Isavia og vilja lægri greiðslur

Vilja að greiðslur lækki vegna ákvörðunar ríkisfyrirtækisins um að stöðva tímabundið gjaldtöku á fjarstæðum við Keflavíkurflugvöll. Hafi leitt til mismununar og röskunar á samkeppni.

»4

### Lausafjárstaða bankanna í krónum versnar enn

Lausafjáreignir bankanna hafa haldið áfram að dragast saman síðustu mánuði. Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segir hertar kröfur draga úr getu bankanna til þess að auka útlán á sama tíma og hagkerfið þurfi á auknu lánsfé að halda.

»10

### Við borðum víst hagvöxt

„Í staðinn fyrir að horfa á hagvöxt sem vandamál er skynsamlegra að líta á kraft tækniframfara og efnahagslífið sem lausn á þeim gríðarlegu áskorunum sem steðja að,“ segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í aðsendri grein.




# Taconic að auka hlut sinn í Arion um helming

Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem fer núna með sextán prósenta hlut í Arion banka, mun kaupa tæplega helminginn af tuttugu prósenta hlut Kaupþings í bankanum en eignarhaldsfélagið er nú að ganga frá sölu á öllum bréfum sínum í Arion banka, líklega strax í þessari viku. Eftir kaupin verður Taconic, sem á jafnframt um 48 prósenta hlut í Kaupþingi, stærsti eigandi Arion banka með í kringum fjórðungshlut.

Aðrir helstu kaupendur að hlut Kaupþings í Arion banka, samkvæmt heimildum Markaðarins, eru fjárfestingafélagið Stoðir, sem á fyrir tæplega fimm prósenta hlut, og Lífeyrissjóður verslunarmanna (LV) en sjóðurinn átti í árslok 2018 aðeins um 0,4 prósenta hlut í bankanum.

Samkvæmt fyrirliggjandi samkomulagi munu viðskiptin, en það eru Fossar markaðir sem eru söluráðgjafar Kaupþings, fara fram á genginu 75,5 krónur á hlut en við lokun markaða í gær stóð hlutabréfaverðið í 75,9 krónum. Auk Taconic, Stoða og LV munu einnig aðrir lífeyrissjóðir ásamt innlendum sjóðastýringarfélögum, sem eru nú fyrir í hluthafahópi Arion, kaupa bréf Kaupþings.

Kaupverðið á tuttugu prósenta hlut Kaupþings mun því nema samtals um 27,4 milljörðum. Stór hluti þeirrar fjárhæðar fellur í skaut ríkissjóðs á grundvelli afkomuskiptasamnings sem var á meðal þeirra stöðugleikaskilyrða sem Kaupþing þurfti að undirgangast við samþykkt nauðasamninga í árslok 2015.

**27,4**

**milljarðar er kaupverðið á 20 prósenta hlut Kaupþings.**

Beðið er nú eftir því, samkvæmt heimildum Markaðarins, að staðfesting fáist frá fjármálaráðuneytinu um að ríkið ætli ekki að stíga inn í viðskiptin og nýta sér forkaupsrétt sinn. Sem kunnugt er hafa stjórnvöld forkaupsrétt á öllum hlutabréfum Kaupþings ef til stendur að selja þau á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé Arion banka. Salan á tuttugu prósenta hlut Kaupþings mun nú fara fram á gengi sem jafngildir 0,73 miðað við eigið fé bankans í lok fyrsta ársfjórðungs.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var búið að ganga frá samkomulagi við fjárfesta um kaup á fimmtán prósenta hlut Kaupþings í Arion banka undir lok síðasta mánaðar. Ekki tókst hins vegar þá að ljúka sölunni en regluvörður Arion banka, að sögn kunnugra, gerði þá athugasemdir við að Kaupþing, sem er með fulltrúa í stjórn bankans, ætti viðskipti með bréf í félaginu á sama tíma og ráðning á nýjum bankastjóra Arion væri á lokametrunum. Í kjölfarið ákvað Kaupþing síðan að bjóða allan hlut sinn í bankanum til sölu. **– hae**



**Keith Magliana stýrir fjárfestingum Taconic á Íslandi.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Mikið hefur verið deilt um gjaldtöku Isavia á bílastæðum við flugstöð Leifs Eiríkssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stefna Isavia og vilja lægri greiðslur

**Kynnisferðir vilja að greiðslur þeirra til Isavia verði lækkaðar vegna ákvörðunar ríkisfyrirtækisins um að stöðva tímabundið gjaldtöku á fjarstæðum við Keflavíkurflugvöll. Hafi leitt til mismununar og röskunar á samkeppni.**

Kynnisferðir hafa stefnt Isavia vegna þeirrar ákvörðunar ríkisfyrirtækisins að stöðva síðasta sumar tímabundið gjaldtöku á ytri rútustæðum við flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rútufyrirtækið krefst þess að greiðslur sínar til Isavia verði lækkaðar enda hafi ákvörðun fyrirtækisins, sem var tekin að kröfu Samkeppniseftirlitsins, raskað samkeppni þeirra rútufyrirtækja sem hafa með höndum farþegaflutninga til og frá flugvellinum.

„Við töldum eðlilegt að í ljósi þess að Isavia hóf ekki gjaldtöku á fjarstæðunum fyrr en í nóvember í fyrra að það ætti að taka mið af því í okkar greiðslum til Isavia,“ segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, í samtali við Markaðinn. Ríkisfyrirtækið hafi hins vegar ekki viljað ljá máls á því.

Málið verður tekið fyrir í héraðsdómi í byrjun septembermánaðar.

Sem kunnugt er tók Samkeppniseftirlitið bráðabirgðaákvörðun í júlí í fyrra þar sem Isavia var gert að stöðva tímabundið gjaldtöku á fjarstæðum við flugstöðina. Umrædd gjaldtaka hafði hafist í mars fyrr um árið í framhaldi af útboði um nýtingu á stæðum við bygginguna, svonefndum nærstæðum, en Kynnisferðir og Hópbílar áttu besta boðið.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var tekin í kjölfar kvörtunar keppinautarins Gray Line, sem tók jafnframt þátt í útboðinu, en rútufyrirtækið taldi að gjaldtaka Isavia á fjarstæðunum hefði falið í sér óheimila skattheimtu.



**Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða.**

Á seinni stigum málsins lýsti Samkeppniseftirlitið því þó yfir að Isavia væri skylt að halda gjaldtökunni áfram með breyttu verðlagi og tók áfrýjunarnefnd samkeppnismála undir það sjónarmið í úrskurði sínum síðasta haust. Í byrjun nóvember kynnti Isavia svo nýja gjaldskrá fyrir fjarstæðin sem gildir þar til deilan hefur endanlega verið leidd til lykta af hálfu eftirlitsins.

Björn segir að í forsendum áðurnefnds útboðs frá 2017 hafi komið fram að gjaldtaka myndi hefjast á fjarstæðunum á sama tíma og nýir samningar vegna nærstæðanna tækju gildi. „Gray Line kærði gjaldtökuna til Samkeppniseftirlitsins sem tók svo bráðabirgðaákvörðun í júlí árið 2018 en Isavia túlkaði niðurstöðu eftirlitsins þannig að fyrirtækinu væri gjaldtakan óheimil. Isavia hætti því gjaldtökunni á fjarstæðunum í júlí og alveg fram í nóvember. Við höfum síðan upplýsingar um að fyrirtækið hafi ekki gengið á eftir því að fá greiðslur frá því í mars eða alveg frá því að nýja gjaldskráin tók gildi,“ nefnir Björn.

Stjórnendur Kynnisferða hafi því talið eðlilegt að tekið yrði tillit til þessara atvika í samningum sínum við Isavia og greiðslur til ríkisfyrirtækisins yrðu lækkaðar.

Forsvarsmenn rútufyrirtækisins hafa bent á að ákvörðun Isavia um að stöðva gjaldtökuna hafi leitt til mismununar og röskunar á samkeppni gagnvart þeim rútufyrirtækjum sem unnu útboðið 2017 og fengu þannig aðgang að nærstæðunum. Ákvörðunin hafi gert það að verkum að þau fyrirtæki sem stundi fólksflutninga til og frá Keflavíkurflugvelli og nýti eingöngu fjarstæðin hafi ekki þurft að greiða gjald á meðan bráðabirgðaákvörðunin hafi verið í gildi en á sama tíma hafi þau fyrirtæki sem nýti nærstæðin, Kynnisferðir og Hópbílar, þurft að greiða Isavia í samræmi við útboðsskilmálana.

„Við teljum að við höfum átt að fá einhverja umbun eins og önnur fyrirtæki sem voru klárlega í samkeppni við okkur um þessi fjarstæði,“ segir Björn.

„Isavia hefur ekki viljað taka tillit til þess og fara í viðræður við okkur um lækkun á greiðslunum fyrir þetta tímabil og því brugðum við á það ráð að stefna fyrirtækinu og láta þá dómstóla skera úr um það.“ **kristinningi@frettabladid.is**

# Sakaður um að taka sér lögregluvald

Eimskip telur að starfsmaður Samkeppniseftirlitsins sem hefur annast stjórnsýslurannsókn á hendur félaginu vegna meintra samkeppnisbrota þess hafi farið langt út fyrir hlutverk sitt og tekið sér lögregluvald með ólögmætum hætti með því að bera á sama tíma hitann og þungann af lögreglurannsókn á hendur núverandi og fyrrverandi stjórnendum. Flutningarisinn telur að fyrir hendi séu aðstæður sem séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni starfsmanns eftirlitsins með réttu í efa. Þá telur Eimskip að Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sé vanhæfur í málinu enda hafi honum verið kunnugt um það að starfsmaður eftirlitsins hafi í reynd annast sakamálarannsóknina í trássi við lög án þess að aðhafast nokkuð til þess að stöðva hana.

Þetta kemur fram í kröfu sem Eimskip lagði fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun vikunnar þar sem þess er farið á leit að rannsókn Samkeppniseftirlitsins á meintum brotum félagsins, sem hefur staðið yfir í tæp tíu ár, verði hætt.

Eftirlitið rannsakar hvort Eimskip og Samskip, auk dótturfélaga þeirra, hafi haft með sér ólögmætt samráð frá 2008 til 2013 en það er frummat þess að félögin hafi haft með sér samráð við breytingar á siglingakerfum og flutningaleiðum sem hafi falist í að draga úr framboði og skapa þannig skilyrði til þess að viðhalda eða hækka verð til viðskiptavina.

Á sama tíma hafa núverandi og fyrrverandi stjórnendur félaganna, þar á meðal Gylfi Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Eimskips, haft réttarstöðu sakbornings við rannsókn héraðssaksóknara sem snýr að hluta til að sömu sakarefnum en eftirlitið kærði umrædda stjórnendur til saksóknara 2014. Samkvæmt lögum er lögreglu, en ekki eftirlitsstjórnvaldi, falið að rannsaka brot einstaklinga gegn samkeppnislögum.

Í kröfu Eimskips segir að málsatvik sýni að sá starfsmaður eftirlitsins sem hafi haft umsjón með stjórnsýslurannsókninni hafi samhliða í reynd annast lögreglurannsókn á hendur starfsmönnum Eimskips með sekt þeirra að leiðarljósi. Slíkt leiði til þess að hann sé vanhæfur í málinu og rannsóknin ólögmæt.

Þá er byggt á því að yfirheyrsla yfir Gylfa, sem fór fram í maí í fyrra, hafi í raun verið í höndum starfsmanns Samkeppniseftirlitsins og Aldísar Hilmarsdóttur sem hefur starfað fyrir eftirlitið að rannsókn málsins.

„Ljóst er að það fer í bága við lög, enda er það starfsmanna héraðssaksóknara að hafa með höndum slíka rannsóknaraðgerð, en ekki [Samkeppniseftirlitsins],“ segir í kröfu Eimskips. **– kij**

VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

# OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspegla sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli
Rafdrifin opnun á afturhlera • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði* 12.897.000 KR.

**SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.**

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



*Aukabúnaður í tilboðsbílunum umfram ríkulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapakki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarými, Carplay Smartphone Apple og Android, lyklalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörn með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útispeglum.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Lausafjárstaðan fer enn versnandi

**Lausafjáreignir viðskiptabankanna hafa haldið áfram að dragast saman á undanförnum mánuðum. Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segir hertar kröfur draga úr getu bankanna til þess að auka útlán á sama tíma og hagkerfið þurfi á auknu lánsfé að halda. Greinendur Landsbankans telja reglur um lausafé orðnar meira hamlandi fyrir lánavöxt en eiginfjárkröfur.**



**Þröng lausafjárstaða bankanna í krónum hefur stuðlað að því að þeir halda í meiri mæli að sér höndum í útlánum og hafni í fleiri tilfellum að fjármagna verkefni sem þeir hefðu að öðrum kosti kosið að gera.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lausafjárstaða stóru viðskiptabankanna þriggja í krónum hefur versnað á síðustu mánuðum, að sögn fjármálastöðugleikaráðs. Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segir að háar eiginfjár- og lausafjárkröfur sem gerðar eru til bankanna, auk verri arðsemi þeirra, geri það að verkum að aðgerðir til þess að lækka vexti beri ekki eins mikinn árangur og annars væri. Hertar kröfur dragi úr getu bankanna til þess að auka útlán á sama tíma og hagkerfið þurfi á auknu lánsfé að halda

Lausafjáreignir bankanna – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans – í krónum hafa dregist saman um tugi prósenta á síðustu árum og fór lausafjárhlutfall þeirra allra undir 100 prósent í lok síðasta árs. Í lok fyrsta ársfjórðungs var hlutfallið lægst hjá Landsbankanum, 46 prósent, 93 prósent hjá Íslandsbanka og 106 prósent í tilfelli Arion banka. Til samanburðar var sambærilegt hlutfall á bilinu 90 til 193 prósent á árinu 2016.

Þróunin hefur vakið athygli fjármálastöðugleikaráðs, sem í sitja fjármála- og efnahagsráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins, en í fundargerð ráðsins frá 24. júní síðastliðnum er sérstaklega tekið fram að lausafjárstaða bankanna í krónum hafi versnað á síðustu mánuðum.

Þó er lausafjárstaða bankanna í heild – bæði erlendum gjaldmiðlum og krónum – enn nokkuð rúm en til marks um það var lausafjárhlutfall þeirra á bilinu 158 til 243 prósent







í lok marsmánaðar. Reglubundið lágmark er til samanburðar 100 prósent.

Viðmælandi Markaðarins innan bankakerfisins bendir á að vegna þröngrar lausafjárstöðu bankanna í krónum hafni þeir nú í fleiri tilfellum en áður að fjármagna verkefni sem þeir hefðu að öðrum kosti kosið að fjármagna. Bankarnir vilji ekki að lausafjárhlutfall þeirra í krónum verði lægra.

### Meira íþyngjandi hér á landi

Í nýlegri skýrslu hagfræðideildar Landsbankans um stöðu íslensku viðskiptabankanna, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að lágt lausafjárhlutfall bankanna þýði að þeir muni hafa takmarkað svigrúm til þess að stækka útlánasöfn sín.

„Reglur um lausafé eru nú að okkar mati orðnar meira hamlandi fyrir lánavöxt og arðgreiðslur en eiginfjárkröfur,“ segir í skýrslu hagfræðideildarinnar.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, útskýrir að bæði eiginfjár- og lausafjárkröfur hafi hækkað verulega á síðustu árum sem viðbrögð við fjármálakreppunni.

Vaxtageta bankanna takmarkist af eiginfjár- og lausafjárhlutfalli þeirra sem sýni sig meðal annars í því að hægst hafi á útlánaaukningu bankanna.

„Háar eiginfjár- og lausafjárkröfur, auk arðsemi bankanna, gera það að verkum að aðgerðir til þess að lækka vexti, til að mynda rýmkun heimilda til þess að eiga veðlánaviðskipti við Seðlabankann, skila sér ekki í eins miklum mæli og annars væri,“ nefnir Stefán Broddi.

Nýleg breyting á reglum Seðlabankans sem felur í sér að sértryggð skuldabréf bankanna eru nú orðin hæf til trygginga í endurhverfum viðskiptum þeirra við Seðlabankann sé afar jákvætt skref en marki þó engin tímamót.

Í áðurnefndri skýrslu hagfræðideildar Landsbankans kemur fram að íslensku lausafjárreglurnar séu byggðar á evrópskum reglum sem séu minni bönkum þungbærari en öðrum.

Jafnframt séu reglurnar meira íþyngjandi fyrir íslenska banka í ljósi þess að hlutfallslega sé minna um lausafjáreignir hér á landi í samanburði við önnur Evrópuríki. Ríkisskuldabréf séu helstu lausafjáreignir íslenskra banka á meðan til að mynda fyrirtækjaskuldabréf með háa lánshæfiseinkunn séu talin viðunandi lausafjáreignir í tilfelli evrópskra banka.

Greinendur Landsbankans telja erfiðleikum bundið – miðað við núverandi reglugerðarumhverfi – að sjá fyrir sér lausn á þeim vanda sem lágt lausafjárhlutfall í krónum felur í sér fyrir bankana. Ein lausn sé fólgin í því að bankarnir auki hlutfall bundinna innstæðna til þess að lágmarka mögulegt útflæði. Vandinn sé hins vegar sá að langtímasparnaður hér á landi sé í höndum lífeyrissjóða og því sé lausafjáráhætta óhjákvæmilegur fylgifiskur hérlendrar bankastarfsemi.

### Óheppilegt að herða kröfur nú

Stefán Broddi segir það stundum gleymast í umræðunni hve traustum fótum bankakerfið standi í bæði sögulegum og alþjóðlegum samanburði.

„En það kostar auðvitað sitt. Það gerir það að verkum að bankakerfið verður dýrara og getur ekki brugðist eins vel við sveiflum í hagkerfinu, til dæmis ef við viljum auka útlán þegar skórinn kreppir að.“

Hann segir það óheppilegt að verið sé að hækka eiginfjárkröfur, svo sem sveiflujöfnunaraukann, á núverandi tímapunkti í hagsveiflunni. Nær væri að draga úr kröfunum þannig að útlánageta bankanna geti stutt við hagkerfið en ekki dregið kraft úr því.

„Kröfurnar draga tvímælalaust úr getu bankanna til þess að bregðast við og setja aukinn kraft í útlán á sama tíma og hagkerfið þarf á auknu lánsfé að halda,“ segir Stefán Broddi. **kristinningi@frettabladid.is**

# Tekjur CCP lækkuðu um fjórtán prósent í fyrra

Tekjur tölvuleikjafyrirtækisins CCP námu ríflega 56 milljónum dala, jafnvirði um sjö milljarða króna, á síðasta ári og drógust saman um 14 prósent frá fyrra ári þegar þær voru rúmar 65 milljónir dala, að því er fram kemur í nýlegum ársreikningi félagsins.

CCP, sem var selt suðurkóreska tölvuleikjaframleiðandanum Pearl Abyss síðasta haust, tapaði 33 þúsundum dala, sem jafngildir um fjórum milljónum króna, á árinu borið saman við 4,3 milljóna dala hagnað árið 2017.

Rekstrarkostnaður CPP var 45,8 milljónir dala, jafnvirði um 5,7 milljarða króna, í fyrra og dróst saman um 2,8 milljónir dala á árinu og munaði þar mestu um lægri rannsókna- og þróunarkostnað.

Rekstrarhagnaður íslenska félagsins, sem rekur stúdíó í Reykjavík, Lundúnum og Kína, var tæplega

**7**

**milljarðar króna var velta CCP á síðasta ári.**

5,2 milljónir dala á síðasta ári og minnkaði um ríflega helming frá fyrra ári.

Fram kemur í ársreikningi CCP að langtímalán félagsins hafi verið endurfjármögnuð í nóvember í fyrra með nýju þriggja ára láni frá Pearl Abyss upp á tíu milljónir dala, jafnvirði um 1,2 milljarða króna.

Eignir CCP námu liðlega 81 milljón dala í lok síðasta árs og var eigið fé félagsins á sama tíma 24 milljónir dala og eiginfjárhlutfallið því um 29 prósent. **– kij**

# Stoðir bæta við hlut sinn í Símanum

Stoðir hafa bætt við sig í Símanum með kaupum á um 1,4 prósenta hlut í fjarskiptafélaginu að virði um 570 milljónir króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa félagsins. Þetta má lesa út úr nýjum lista yfir stærstu hluthafa Símans.

Í kjölfar kaupanna fara Stoðir, sem eru eitt stærsta fjárfestingafélag landsins, með ríflega 9,5 prósenta hlut í fjarskiptafélaginu en eignarhluturinn er metinn á tæplega 3,9 milljarða króna.

Á móti hefur hlutur Kviku banka í Símanum minnkað á sama tíma um sem nemur tæplega einu prósenti af hlutafé félagsins og er núna 2,9 prósent en bankinn heldur á þeim bréfum að stórum hluta fyrir viðskiptavini sína.

Stoðir hófu sem kunnugt er að fjárfesta í Símanum í apríl síðastliðnum en fram kom í flöggunartilkynningu sem barst Kauphöllinni í fyrri hluta maímánaðar að fjárfestingafélagið hefði eignast rúmlega átta prósenta hlut í fjarskiptafélaginu.




**Stoðir hófu að fjárfesta í Símanum í vor.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stoðir eru nú þriðji stærsti hluthafi Símans á eftir Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en félagið er langsamlega stærsti einkafjárfestirinn í hluthafahópi fjarskiptafélagsins og raunar eini slíki fjárfestirinn í hópi tuttugu stærstu hluthafa þess.

Hlutabréf í Símanum hafa hækkað um fjórtán prósent í verði á undanförnum tveimur mánuðum og stóð gengi þeirra í 4,52 krónum á hlut við lokun markaða síðdegis í gær. **– kij**




# SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU
## EITT VERÐ, ALLT INNIFALIÐ

**ÁRMÚLI – HÖFÐATORG – AKUREYRI – HAFNARTORG – URÐARHVARF**

***Allt innifalið***

Þú greiðir aðeins eitt verð fyrir allt sem tengist vinnusvæði þínu.

***Stækkaðu við þig***

Bættu við skrifborðum eftir því sem starfsmönnum fjölgar.

***Fullbúnar skrifstofur***

Nútímaleg húsgögn og háhraða internettenging fylgja.

**5 27 27 87**

Regus™

**REGUS.IS**



Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins, er bjartsýnn á ferðaþjónustu á Íslandi en hefur engu að síður áhyggjur af framboði á flugsætum til landsins til skemmri tíma litið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skipt um gír eftir hraða uppbyggingu

**Bláa Lónið fjárfesti fyrir 13 milljarða króna á fimm árum í innviðum án þess að safna skuldum eða auka hlutafé. Grímur Sæmundsen forstjóri segir að nú verði áhersla lögð á almennan rekstur. Horft er til þess að hefja umfangsmikinn útflutning á húðvörum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Tímamót eru í rekstri Bláa Lónsins. Að baki eru miklar fjárfestingar á tæpum fimm árum og óhemjumikill vöxtur.

Grímur Sæmundsen, stofnandi og forstjóri fyrirtækisins, segir að nú sé verið að breyta um áherslu í rekstrinum. Verið sé að fara úr fjárfestingarfasa í almennan rekstur. Sjónum verði beint að tækifærum til að hagræða og tryggja að uppbygging síðustu ára verði arðbær til framtíðar.

Það vekur athygli að frumkvöðullinn átti lítinn hlut í Bláa Lóninu við stofnun og keypti megnið af því sem hann á á árunum 2003-2005. Nánar verður fjallað um það á öðrum stað í viðtalinu.

Bláa Lónið hefur fjárfest fyrir um 93 milljónir evra, jafnvirði 13 milljarða króna, á árunum 2014 til 2018 í innviðum. Meðal helstu fjárfestinga má nefna uppbyggingu fimm stjörnu hótelsins The Retreat sem opnaði fyrir ári, ásamt Retreat Spa og veitingastaðnum Moss, tvöföldun á stærð núverandi baðlóns auk þvottahúss, geymsluhúsnæðis og fjölbýlishúss fyrir starfsmenn í Grindavík.

Þrátt fyrir að fyrirtækið hafi fjárfest ríkulega á umliðnum árum var eiginfjárhlutfallið 56 prósent við árslok 2018 en hlutafé var ekki aukið til að standa straum af uppbyggingunni.

„Reksturinn er einkar arðbær. Hagnaðarhlutfall fyrir fjármagnsliði og afskriftir, nam 33 prósentum í fyrra. Það hefur gert okkur kleift að ráðast í þessa uppbyggingu án þess að safna skuldum. Eftir fjármálahrunið höfum við lagt áherslu á að vera með mikið eigið fé og sterka lausafjárstöðu,“ segir Grímur.

## Psoriasissjúklingar fá frítt í lækningalind

Bláa Lónið starfrækir lækningalind fyrir psoriasissjúklinga þeim að kostnaðarlausu og án opinberra niðurgreiðslna. „Við vorum með samning við Sjúkratryggingar á sínum tíma. Framan af fengum við greiddar um 50 milljónir króna á ári fyrir að veita meðferðarþjónustu sem var langt undir kostnaðarverði. Eins og svo oft hefur verið þurfti að skera niður kostnað til heilbrigðisþjónustu og lækka átti greiðsluna til okkar um helming. Við fengum greiddar 25 milljónir króna í eitt eða tvö ár en þá gekk ég á fund Kristjáns Júlíussonar, þáverandi heilbrigðisráðherra, og bauð honum að félagið myndi sinna þessari þjónustu endurgjaldslaust og þannig leggja sitt af mörkum til samfélagsins sem hann tók fagnandi. Við höfum sinnt þessari meðferðarþjónustu endurgjaldslaust síðan,“ segir Grímur.

Í fyrra komu 175 sjúklingar í 2.492 skipti.

*Það er með ólíkindum að uppbyggingin sé fjármögnuð að mestu með sjóðstreymi.*

„Já, það segir meira en mörg orð um arðbærni rekstrarins. Ef við berum t.a.m. rekstur Bláa Lónsins saman við öflug framleiðslufyrirtæki í útflutningi sem skipa sess í hjarta þjóðarinnar er hagnaðarhlutfall þeirra fyrir fjármagnsliði og afskriftir um 15-20 prósent.

Það kemur mörgum á óvart hve fjölþættur rekstur Bláa Lónsins er. Við rekum til dæmis einn stærsta veitingastað landsins sem velti um fjórum milljörðum króna í fyrra. Ég veit ekki um marga veitingastaði sem eru jafn umsvifamiklir og það á einum og sama staðnum en við rekum okkar veitingastaði alla við Bláa Lónið.

Að sama skapi seldum við húðvörur fyrir 1,5 milljarða króna í fyrra sem eitt og sér myndi teljast nokkuð gott.“

### Tekjurnar sjöfölduðust 2010-2018

Velta Bláa lónsins var 123 milljónir evra, jafnvirði 17 milljarða króna, í fyrra. Tekjurnar sjöfölduðust á árunum 2010 til 2018. Fyrirtækið hagnaðist um 26 milljónir evra, jafnvirði 3,7 milljarða króna í fyrra. Hluthafar munu fá 30 milljónir evra eða um 4,3 milljarða króna í arð. Það er næstum því tvöföldun á milli ára en arðgreiðslur námu 16 milljónum evra í fyrra.

Skattspor Bláa Lónsins nam rétt um fimm milljörðum króna á síðasta ári. Það hefur vaxið mikið á síðustu árum en það var til dæmis rúmlega einn milljarður króna árið 2014. Félagið er með hæstu greiðendum opinberra gjalda á Íslandi.

*Er verkefnið fram undan að beisla þennan vöxt?*

„Það þarf annars vegar að hagræða í rekstri eftir tímabil sem hefur einkennst af miklum vexti og hins vegar að tryggja að uppbyggingin sem ráðist var í skili arðbærum rekstri til framtíðar.

Eins og ég nefndi var hlutfall hagnaðar fyrir fjármagnsliði 33 prósent í fyrra en það hefur alla jafna verið 38-40 prósent. Stefnt er að því að koma því í sama horf. Við þurfum því að hagræða í rekstrinum.

Um 60 prósent af kostnaði fyrirtækisins eru launagreiðslur og 40 prósent er annar kostnaður. Það eru tækifæri til hagræðingar á öllum sviðum félagsins enda voru áherslur aðrar á þessu mikla vaxtarskeiði.

Starfsmenn voru við lok síðasta árs 874 í 726 stöðugildum frá 42 löndum. Við munum styrkja verkferla sem stuðla að aga í rekstrinum. Við höfum sömuleiðis fjárfest ríkulega í upplýsingatækni og stafrænni þróun. Það mun skila sér í aukinni skilvirkni.“

Grímur segist líta á Bláa Lónið sem 27 ára gamalt frumkvöðlafyrirtæki (e. startup). „Við erum alltaf að þróa reksturinn og skoða nýjar hugmyndir,“ segir hann.

National Geographic útnefndi Bláa Lónið eitt af 25 undrum veraldar vegna einstakrar virkni jarðsjávarins en hann er ríkur af kísli, þörungum og steinefnum. Hann fellur til við vinnslu jarðvarmaorkuvers HS Orku í Svartsengi. Með þessari nýtingu breytir Bláa Lónið því sem áður var skilgreint sem hrakstraumur í verðmætan auðlindastraum.

„Þegar reksturinn fór að ganga vel mátti heyra á fólki að hver sem er hefði getað náð góðum árangri í rekstri á baðstað í þessu umhverfi. Það er mikil einföldun. Það tók okkur langan tíma að átta okkur á þessari einstöku upplifun og virkni jarðsjávarins sem ætti sér engan líka á heimsvísu. Það var þá sem við hófum meðal annars að verðleggja upplifunina miðað við einstök gæði hennar.

Eftir hrun lögðum við aukna áherslu á ferðaþjónustuþátt starfseminnar. Fyrir hrun höfðum við gert tilraunir til að fara í útrás með húðvörurnar en urðum að leggja þær áætlanir til hliðar til að geta tekist á við þær aðstæður sem þá sköpuðust. Í því samhengi er rétt að vekja athygli á því að engin fjármálastofnun tapaði krónu á okkur í hruninu.

Áherslan á lækningastarfsemina fór minnkandi en við drógum ekkert af okkur hvað varðar vísindarannsóknir. Margir átta sig ekki á hve mikil vísindastarfsemi er stunduð í Bláa Lóninu en fyrirtækið ver að meðaltali um 20 prósentum af veltu húðvara í rannsóknir og þróun ár hvert. Það er til að auka þekkingu okkar á lífríki jarðsjávarins og til að skapa nýja möguleika hvað varðar þróun húðvaranna okkar.“

### Vekja sofandi risa

*Þú hefur kallað húðvörurnar sofandi risa.*

„Já. Núna er miklu uppbyggingartímabili lokið. Bláa Lónið hefur ávallt haft öflugum starfsmannahópi á að skipa og þessi hópur undir forystu öflugra stjórnenda sinnir nú daglegum rekstri fyrirtækisins. Þetta gerir mér kleift að beina kröftum mínum í að skoða þau tækifæri sem felast í að vekja þennan risa. Við munum til að mynda funda með erlendum ráðgjöfum í dag [mánudag] sem eru að greina með hvaða hætti best sé að haga þeirri vinnu.

Tíminn hefur unnið með okkur. Nú er vörumerkið margfalt þekktara og sterkara en nokkru sinni fyrr. Auk þess stöndum við mjög vel að vígi fjárhagslega til að hefja sóknina.“

*Hvað fékk ykkur til að trúa á tækifærið að þjónusta fágætisferðamenn í ljósi þess að þið hafið fjárfest í*

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 3. JÚLÍ 2019



Fjölskyldan fyrir framan húsið í Skerjafirðinum sem búið er að endurbyggja nánast frá grunni FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þetta gerir maður bara einu sinni á ævinni

Daníel Brandur Sigurgeirsson og konan hans, Elín Björk Jónasdóttir, hafa staðið í stórframkvæmdum við húsið sitt í Skerjafirði undanfarin ár. Þau keyptu húsið að hluta til árið 2011. Þá var það með tveimur íbúðum. Þau keyptu svo kjallaraíbúðina árið 2014 og áttu þar með allt húsið. ➔2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.





Snorri og Trausti tilbúnir að bora.



Jólamatur í hálfkláruðu húsi.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Við vissum þegar við keyptum húsið að það hafði gengið í gegnum þó nokkrar breytingar. Það var smíðað 1934 og var þá kjallari hæð og ris, svo var byggt við það 1949,“ segir Daníel.

Þá var viðbyggingu bætt við húsið sem var kjallari og hæð en

**Framhald af forsíðu** ➪

ekki ris. Árið 1957 kviknar svo í húsinu og rishæðin var ekki lengur íbúðarhæf. Rishæðinni var eftir það breytt í geymsluloft. Daníel segir að þau hjónin hafi frá því þau keyptu húsið viljað setja rishæðina upp aftur. Þau höfðu haft fréttir af nágranna sínum í Skerjafirði sem smíðaði nýja hæð á húsið sitt úti í garði, sagaði svo gamla þakið af og sett hæðina ofan á.

„Við veltum fyrir okkur þeirri aðferð,“ segir Daníel. „En svo kom í ljós að húsið var svo illa farið eftir eldsvoðann að það hefði líklega aldrei gengið. Eftir að hafa ráðfært okkur við smiði ákváðum við að rífa húsið ofan af steypta kjallaranum og smíða það upp á nýtt.“

### Bjuggu í 21 m² bílskúr

Fjölskyldan, Daníel, Elín og synir þeirra tveir, þá átta og ellefu ára fluttu úr húsinu í júní árið 2016. „Við byrjuðum strax að rífa sjálf, aðallega bara með höndunum og kúbeini. Við fengum hjálp frá góðu fólki. Svo réðum við smiði til að smíða húsið, og klára það að utan,“ útskýrir Daníel. Húsið er núna kjallari hæð og ris. „Við erum að nálgast upprunalegu útgáfuna, nema það var aldrei ris yfir öllu húsinu áður og það vantaði viðbygginguna. Þannig að þetta er eiginlega fjórða útgáfan af húsinu.“

> ” Þetta tekur sinn tíma enda þrjár hæðir. Við erum búin að gera öll rými hússins nothæf en það er ýmiss konar frágangur eftir.
>
> Daníel Brandur Sigurgeirsson

Þegar húsið var tilbúið að utan tók við vinna við að gera það íbúðarhæft. „Við höfum verið að smá dunda við að klára það að innan,“ segir Daníel. „Við fengum húsið afhent aftur rétt fyrir jólin 2016. Þá voru smiðirnir búnir að vera að vinna í því í um það bil hálft ár. Við fórum strax að vinna í að innrétta efstu hæðina og gátum flutt inn í hana í apríl 2017.“

Á meðan endurbyggingin á húsinu stóð yfir flutti fjölskyldan í 21 fermetra stúdíóíbúð sem þau höfðu útbúið í bílskúrnum. „Þetta var ágætis lærdómsferli í að lifa í litlu plássi. Ég held að það hafi allir haft mjög gott af því en við vorum samt mjög fegin að komast í húsið aftur.“

### Eins og gamalt bárujárnshús að utan

Daníel segir að þau hafi lagt áherslu á að húsið væri óbreytt að utan að mestu leyti. Að það liti út eins og gömlu bárujárnshúsin. En húsið að innan er alveg nýtt. „Við fengum Helga Hafliðason arkitekt til að teikna það fyrir okkur. Herbergjaskipan og allt innan húss var endurhannað.“

Hjónin eru enn að klára að innrétta húsið. „Þetta tekur náttúrulega sinn tíma,“ segir Daníel. „Þetta eru þrjár hæðir. Við erum búin að gera öll rými hússins nothæf en það er ýmiss konar frágangur eftir. Það á til dæmis eftir að setja gerefti og gluggakistur nánast alls staðar.“

Daníel segist vera að vinna svolítið úti við þessa dagana að klára að ganga frá svölum og smíða pall í garðinum. „Ég hef verið að nýta tímann meðan veður leyfir.“

„Ég held að ég geri þetta ekki oftar,“ segir hann aðspurður. „Að rífa hús og byggja nýtt er ekki eitthvað sem maður gerir oftar en einu sinni á ævinni.“



Svona leit húsið út þegar fjölskyldan keypti það árið 2011.



Húsið var rifið niður að steypta kjallaranum.



Hér er byrjað að byggja fyrstu hæðina.



Húsið að mestu tilbúið að utan.



**AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum**

## AKU SUPERALP GTX

**39.990 kr.**

STÆRÐIR 35-48




# Hafðu (AKU) með í valinu

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.

Léttir gönguskór herra / kvenna
AKU TRIBUTE GTX
**24.990 kr.**

Borgarskór / Herra (fáanlegir í 2 litum)
AKU Ledro FG MID GTX
**26.990 kr.**

Léttir borgarskór / Herra (fáanlegir í 2 litum)
AKU Bellamont II Mid Plus
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór, borgarskór / Kvenna (fáanlegir í 3 litum)
AKU Bellamont Gaia GTX
**23.990 kr.**

Lágir, millistífir gönguskór (Kvenna)
AKU Tengu Low GTX
**27.990 kr.**

Borgarskór / kvenna
AKU Riva High GTX
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór / borgarskór / herra
AKU Climatica NBK GTX
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór / borgarskór / kvenna
AKU Climatica Suede GTX
**24.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / kvenna
AKU ALTERRA GTX
**31.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / herra
AKU ALTERRA GTX
**31.990 kr.**

NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra
AKU Selvatica GTX
**24.990 kr.**

NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
AKU Selvatica GTX
**24.990 kr.**

## KEEN SANDALAR OG GÖNGUSKÓR KEEN

### KEEN Venice kvenna

Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar fingur fyrir hnjaski. Léttir og áræðanlegir.

*Stærðir: 35-42*
15.990 kr.

***ALLAN DAGINN ALLA DAGA ALLTAF***

KEEN

### KEEN Newport herra

Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.

*Stærðir: 40-48,5*
15.990 kr.

KEEN Targhee III Mid WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
23.990 kr.

KEEN Venice II H2 kvenna
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.

KEEN Targhee III WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
19.990 kr.

KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
14.990 kr.

KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
18.990 kr.

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
18.990 kr.

KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# GG·sport

GG-sport
BYKO

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

NÝJA BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is


NISSAN Qashqai Tekna. Árgerð 2014, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.116912.


TOYOTA Yaris Active Trend. Árgerð 2016, ekinn 63 Þ.KM, sjálfskiptur, bensín. Verð 1.790.000. Rnr.213664.


BMW I I3 rafmagnsbíll leður lúga og fl . Árgerð 2017, ekinn 14 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Rnr.360420.


LAND ROVER Range Rover Sport HSE Dynamic. Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 9.780.000. Rnr.213538.


DODGE Ram 3500 Laramie. Árgerð 2019, nýr bíll, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.450.000. Rnr.213622.


FORD F150 Lariat Power Dtroke Diesel. Árgerð 2019, nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 10 gírar. Verð 13.680.000. Rnr.213659.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

SUZUKI


Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Hjólhýsi



**HJÓLHÝSI.COM**
Trigano uppblásin fortjöld á frábæru tilboðsverði þar sem allir aukahlutir fylgja með.
Vorum að fá nýja sendingu með Lima 300 og Bali XL.
Takmarkað magn!
Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í tjald.
**Bæjarhraun 24**
**Sími: 8634449/7782294**
**Netfang: www.hjolhysi.com**
**Facebook: www.facebook.com/hjolhysi**

### Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR


**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Bukolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Sláttur, klippingar og ofl.
Halldór garðyrkjumaður.
S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

## Keypt & Selt

### Til sölu

STIGA
Einstök gæði

**Stiga Estate Pro 9122 XWSY**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor, 4WD
B&S 8240 Intek mótor, 13,1kW
Sérstyrkt sláttuborð,
360 ltr. graskassi
Frábær traktor í erfiðan slátt
VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16,**
**Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga


**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Atvinna

### Atvinna í boði

Yfirvélstjóri óskast á Þrist BA 36 í afleysingar. Uppl í síma 8410863 Jón

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn, vanir jarðvinnu. Uppl. í s. 8970731

## Heimilið

### Barnavörur

Barnið Okkar

**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu í Bolholti 4, næsta húsi við Laugaveg 178
Verslunarhúsnæði á götuhæð 235 fm. Laust strax.
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. 150 fm. Laust fljótlega.
Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð. 180 fm. Laust fljótlega.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**
**Grensás ehf. / Ragnar**

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**


**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.


**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.


**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.


**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.


**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.


**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

*fimm stjörnu hóteli?*

„Það átti sér langan aðdraganda. Við höfum rekið Silica hótel við Bláa Lónið frá árinu 2007. Þar eru nú 35 herbergi og er svo til fullbókað allt árið um kring. Þá höfðum við þegar aflað okkur reynslu hvað varðar þjónustu við betur borgandi gesti með svonefndri Betri stofu í tengslum við baðlónið.

Þegar vaxtarskeið ferðaþjónustunnar hófst fyrir alvöru árið 2012 var mikið rætt um fágætisferðamenn. Í þeirri umræðu kristallaðist þörfin fyrir innviði til að taka á móti þessum markhópi.

Árið 2011 fórum við að huga að frekari uppbyggingu á torfunni og þar með talið byggingu nýs hótels sem hófst í lok árs 2014. Að sjálfsögðu þróaðist hugmyndin í ferlinu. Upphaflega stóð til að hótelið yrði 300 herbergi og rekið í samstarfi við hótelrekanda en samhliða vexti greinarinnar fengum við kjark til að fara alla leið og opna fimm stjörnu hótel með 62 herbergjum undir merkjum Blue Lagoon Iceland.

Það er nokkuð merkilegt að nú þegar samdráttur hefur verið í ferðaþjónustu undanfarna mánuði er þessi starfsemi í vexti hjá okkur.“

*Hvernig hefur nýtingin á hótelinu verið?*

„Þegar nýting hótela í þessum gæðaflokki er skoðuð er mikilvægt að átta sig á því að það er ekki eftirsóknarvert að fylla hvert herbergi á hverjum tíma. Tryggja þarf þjónustu og svigrúm hvers gests. Við verðum væntanlega með í kringum 70 prósent nýtingu í sumar sem er í okkar huga nær lagi hvað fullbókað hótel varðar í þessum gæðaflokki. Þetta er eins og annað, það mun taka tíma að ná þeirri nýtingu á heilsársgrunni. Við hugsum alltaf til lengri tíma í rekstri Bláa Lónsins.“

*Hve stór hluti af gestum lónsins eru Íslendingar?*

„Um 98 prósent af gestum Bláa Lónsins eru erlendir. Það hlutfall hefur farið vaxandi eftir því sem árin hafa liðið. Það má annars vegar rekja til fjölgunar erlendra ferðamanna og hins vegar til þess að við ákváðum að verðleggja þjónustuna í samræmi við eftirspurn erlendra gesta og verðmæti þeirrar þjónustu sem við veitum.

Íslendingum þótti dýrt að koma í Bláa Lónið og báru það gjarnan saman við aðgangseyri í sundlaugar sem eru jú hluti almannaþjónustu. Að sjálfsögðu er þjónustan og upplifunin gerólík. Bláa Lónið er upplifunarfyrirtæki sem á engan sinn líka í veröldinni og kannanir okkar sýna að verð og gæði fara saman, upplifunin stenst væntingar gesta okkar.

*Hvernig hefur verðið þróast í evrum talið á undanförnum árum í ferðamannasprengingunni?*

„Það er ekki fast verð heldur fer það eftir eftirspurn hverju sinni eins og menn þekkja í rekstri flugfélaga og hótela. Þegar eftirspurnin er meiri er dýrara og þegar hún er minni er ódýrara.

Árið 2009 var ákveðið að gera félagið upp í evrum. Þá kostaði ódýrasti aðgangur 20 evrur. Við höfum breytt samsetningu þjónustuframboðs og því er í raun ekki hægt að bera saman þá vöru sem við seljum nú við þá sem við seldum áður en ódýrasti aðgangurinn nú kostar 48 evrur.

Hluti af því að höfða til betur borgandi ferðamanna er að auka tekjur af hverjum gesti í stað þess að einblína á fjölda gesta. Við reynum að fá viðskiptavini til að njóta sem mest þjónustu okkar en fyrir utan Bláa Lónið sjálft bjóðum við upp á veitingar á fjórum mismunandi veitingastöðum, Blue Lagoon húðvörur, akstur til og frá lóni og dvöl á öðru hvoru hótela okkar.

Við sjáum að með auknu þjónustuframboði hafa tekjur á hvern gest farið vaxandi. Til að mynda fækkaði gestum örlítið í fyrra en tekjuvöxturinn var samt sem áður 20 prósent.

Verðin eru tengd gengissveiflum krónu enda er stór hluti af kostnaðinum innlendur. Ég tel að jafnvægisgengi krónunnar á móti evru sé í



**Tímaritið National Geographic útnefndi Bláa Lónið eitt af 25 undrum veraldar vegna einstakrar virkni jarðsjávarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Ég átti afar lítinn hlut í Bláa Lóninu við stofnun. Ég hef að langmestu leyti keypt hlutina af fjárfestum sem studdu við bakið á fyrirtækinu þegar það tók sín fyrstu skref en vildu svo losa sinn hlut.**

kringum 140 eins og nú er. Síðasta sumar kostaði evran 120 krónur og þá reyndi verulega á rekstur fyrirtækja í útflutningi. Þá hefði ódýrasti aðgangur í Bláa Lónið kostað í kringum 60 evrur.“

### Átti lítinn hlut við stofnun

*Hvernig hefur eignarhlutur þinn í Bláa Lóninu þróast?*

„Ég átti afar lítinn hlut í Bláa Lóninu við stofnun. Ég hef að langmestu leyti keypt hlutina af fjárfestum sem studdu við bakið á fyrirtækinu þegar það tók sín fyrstu skref en vildu svo losa sinn hlut.

Frumkvöðlar eignast oft myndarlegan hlut í þeim fyrirtækjum sem þeir stofna og svo minnkar hluturinn eftir því sem sótt er meira hlutafé til fjárfesta. Þessu var öfugt farið í mínu tilviki. Ég byrjaði með lítinn hlut og fjárfesti af eigin rammleik.

Grunninn að hlutafjár eign minni í Bláa Lóninu má rekja til þess að Kólfur, félag í minni eigu og Edvards Júlíussonar, keypti á árunum 2003 til 2005 meðal annars eignarhluti Olís, Sjóvár, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Íslenskra aðalverktaka í fyrirtækinu en þessir aðilar vildu allir, af mismunandi ástæðum, losa sína eign á þessum tíma. Um þetta leyti gerðust Helgi Magnússon og Sigurður Arngrímsson hluthafar.

Kólfur á nú um fjórðung hlutafjár í Bláa Lóninu,“ segir hann.

### Veðsetti húsið

*Þurftir þú að veðsetja heimili þitt til að halda fyrirtækinu í hruninu?*

„Já, það var allt undir og þetta var mjög erfiður tími. Þetta er leið sem ég myndi ekki ráðleggja neinum frumkvöðli að fara en sem betur fer hefur fjárfestingaumhverfi frumkvöðla batnað mikið á undanförnum árum.“

Grímur á 75 prósenta hlut í Kólfi á móti Edvard. Hann hefur aukið við hlut sinn því árið 2010 átti hann 47 prósenta hlut í eignarhaldsfélaginu. Skuldirnar námu tæplega 770 milljónum króna við árslok 2017, samkvæmt ársreikningi.

Fram hefur komið í Markaðnum að Kólfur hafi keypt hlut í Bláa Lóninu í lok síðasta árs þar sem fyrirtækið var metið á um 50 milljarða króna. Eignarhaldsfélagið er því lítið skuldsett. Til samanburðar var markaðsvirðið fjórir milljarðar árið 2007, samkvæmt frétt Fréttablaðsins frá þeim tíma, eða sjö milljarðar að teknu tilliti til verðbólgu. Virði fyrirtækisins hefur því sjöfaldast á ellefu árum.

Viðskiptin komu þannig til að líftími framtakssjóðsins Horns II var senn á enda og því þurfti að leysa sjóðinn upp. Hann átti tæpan helmingshlut í Hvatningu, sem á 39,6 prósent í Bláa Lóninu á móti Kólfi. Lífeyrissjóðirnir vildu vera áfram í hluthafahópi Bláa Lónsins og fengu því hlutabréfin í hendur en Landsbankinn seldi átta prósenta hlut sinn í Hvatningu, sem er í raun 1,6 prósenta hlutur í Bláa Lóninu, til Kólfs. Miðað við það var um 1,6 milljarða viðskipti að ræða hjá Kólfi.

*Virði Bláa Lónsins hefur margfaldast. Ég hefði haldið að það væri kominn tími fyrir þig, 64 ára gamlan, að leysa út hagnað en þú þvert á móti bættir nýverið við hlut þinn?*

„Já, ég hef trú á að félagið eigi enn mikið inni. Það hefur verið samhentur og öflugur hópur sem staðið hefur að stjórnun og uppbyggingu félagsins og ég tel mikilvægt að tryggja stöðugleika inn í næsta vaxtarfasa félagsins.

Þessi strengur er mjög þéttur, hluthafahópurinn, stjórnarmenn og stjórnendur. Við erum ekki að eyða tíma og orku í átök um stefnu og rekstur. Við höfum sýnt það og sannað að þessi hópur sem stendur að fyrirtækinu hefur starfað farsællega saman.“

*Hvað mun næsti vaxtarfasi taka langan tíma? Þú ert væntanlega að vísa til sofandi risans, húðvaranna?*

„Já. Við horfum til fimm ára.“

HS Orka átti þar til í vor 30 prósenta hlut í Bláa Lóninu þegar það seldi Jarðvarma, sem er í eigu 14 lífeyrissjóða, hlutinn.

Aðrir stórir hluthafar í Bláa Lóninu eru Helgi Magnússon, sem keypti nýverið helmingshlut í útgáfufélagi Fréttablaðsins, sem á sex prósenta hlut, Sigurður Arngrímsson, sem var framkvæmdastjóri hjá Morgan Stanley á árunum 1995-2010, á sex prósent, Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar, á þrjú prósent, Sigurður Þorsteinsson vöruhönnuður á þrjú prósent og Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi, á óbeint eins prósents hlut.

Við kaup lífeyrissjóðanna á stórum hlut í Bláa Lóninu gekk Liv Bergþórsdóttir, fyrrverandi forstjóri Nova, inn í stjórn fyrirtækisins og Úlfar tók sæti í stjórn eftir að hafa verið varamaður. Helgi er eftir sem áður stjórnarformaður, Ágústa stjórnarmaður auk Steinars Helgasonar, sjóðsstjóra hjá Landsbréfum.

*Hvernig kynntist þú þessum hluthöfum?*

„Ég kynntist Úlfari þegar hann var framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fyrir aldamót. Hann sat í stjórn Bláa Lónsins í krafti hlutafjáreignar sjóðsins. Það tókst með okkur góð vinátta og þegar hann hætti hjá

**Við rekum til dæmis einn stærsta veitingastað landsins sem velti um fjórum milljörðum króna í fyrra.**

Nýsköpunarsjóði bað ég hann um að vera áfram í stjórn. Úlfar hefur verið í stjórn eða varastjórn fyrirtækisins í 20 ár.

Helgi, sem hefur verið vinur minn í 40 ár, fjárfesti í fyrirtækinu þegar það var í fjárfestingarfasa árið 2004-2005 og það gerði Sigurður Arngrímsson einnig, eins og áður hefur komið fram.

Sigurður Þorsteinsson er hönnuður sem ég hef borið gæfu til að vinna með allt frá árinu 1997. Hann rekur um 80 manna hönnunarstúdíó í Mílanó á Ítalíu. Bláa Lónið hefur alltaf lagt mikla áherslu á hönnun sem hluta af upplifun gesta sinna og Sigurður hefur leitt þá vinnu auk þess að vera einn mesti „brand-spesíalisti“ landsins að mínu mati.

Ágústa kom inn í hópinn við kaup Bláa Lónsins á Hreyfingu árið 2005 en eignarhlutum í Hreyfingu var dreift á hluthafa Bláa Lónsins árið 2012.“

### Umræðan oft ýkt

*Hvernig sérðu fyrir þér þróun ferðaþjónustu á næstu misserum?*

„Við upphaf árs var ég bjartsýnn, eins og ég rakti í viðtali við Morgunblaðið, og er það áfram til lengri tíma litið. Þá voru teikn á lofti um að Indigo Partners myndu gerast hluthafar í WOW air og ekki var búið að kyrrsetja Boeing 737 MAX 8 flugvélar sem Icelandair ætlaði að taka í notkun í vor. Frá þeim tíma hefur margt lagst á árarnar sem hefur ekki verið atvinnugreininni hagfellt. Hið jákvæða er að gengið hefur veikst sem hefur vegið á móti að nokkru leyti. Ferðamönnum fækkaði um 23,6 prósent á milli ára í maí en kortavelta þeirra hér á landi jókst um tæplega eitt prósent. Aukna eyðslu má þakka hagfelldri gengisþróun og breyttri samsetningu gesta.

Það er til marks um hve umsvif ferðaþjónustu eru mikil hér á landi að talið er að bakslagið í ferðaþjónustu nú sé eins og fimmföld loðnuvertíð, það er að gjaldeyristekjur af greininni á þessu ári verði um 100 milljörðum minni en í fyrra.

Því miður verður almenn umræða oft og tíðum nokkuð ýkt. Það eru sveiflur í þessum atvinnurekstri eins og öllum öðrum. Jafnvel þótt það hafi verið loðnubrestur í vetur er enginn að tala um að hætta loðnuveiðum.

Ég hef engu að síður áhyggjur af framboði á flugsætum til Íslands til skemmri tíma litið. Það skiptir sköpum hvað varðar fjölda ferðamanna til landsins. Það er erfitt að WOW air sé horfið af sjónarsviðinu og á sama tíma getur Icelandair ekki vaxið eins og til stóð vegna kyrrsetningar Boeing-þotna.

Að þessu sögðu er ferðaþjónusta komin til að vera sem burðaratvinnugrein í íslensku efnahagslífi. Framtíðin er björt. Ef spár ganga eftir mun í ár svipaður fjöldi ferðamanna sækja landið heim og árið 2016. Það gerir um 1,8 milljónir ferðamanna. Þetta er mikill fjöldi á alla mælikvarða sem ferðaþjónustan þarf áfram að sinna.

Það sem gerist við þessar aðstæður í efnahagslífinu er að þau fyrirtæki sem eru með öflugan grunnrekstur og skynsamlega fjármögnuð munu koma sterkari úr þessari stuttu og skörpu niðursveiflu. Hún mun ýta undir samruna og samþættingu og úr verða öflugri fyrirtæki.

Þeir sem litu á ferðaþjónustu sem leið til að ná fram skjótfengnum gróða og eru illa fjármagnaðir munu heltast úr lestinni. Mörg af helstu fyrirtækjum landsins í ferðaþjónustu hafa verið í rekstri í áratugi.“

*Bláa Lónið hefur fjárfest í rekstri annarra baðstaða. Er hægt að endurskapa Bláa Lónið?*

„Nei, og það er ekki okkar hugsun. Bláa Lónið hefur komið að uppbyggingu baðstaða um allt land þar sem þekking okkar og reynsla hefur nýst til uppbyggingar. Í því samhengi má nefna Fontana við Laugarvatn og Jarðböðin í Mývatnssveit og í gegnum það síðarnefnda Sjóböðin á Húsavík og nú síðast Vök á Egilsstöðum sem áætlað er að hefji starfsemi sína síðar í þessum mánuði. Upplifun sem hæfir viðkomandi stað og byggir á sérkennum hans er kjarninn í mínum huga.

Hugmyndin að aðkomu okkar hefur verið að tryggja fagmennsku og að vel sé staðið að uppbyggingu. Bláa Lónið er frumkvöðull í þróun baðupplifunar sem mikilvægs þáttar við markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands.

Bláa Lónið er ávallt í minnihluta í félögunum, til dæmis með 25 prósenta hlut í Jarðböðunum og 35 prósent í Fontana. Við fjárfestum upphaflega í Jarðböðunum 2008 og Fontana 2011.“

### Hætti sem læknir 35 ára

*Hvað er langt síðan þú hættir að starfa sem læknir?*

„Ég hætti að starfa sem læknir í kringum 1990 þá 35 ára gamall. Þá fór ég að sinna Bláa Lóninu og öðrum fyrirtækjarekstri. Ég veitti til dæmis fyrirtækjum læknisráðgjöf og stofnaði í framhaldinu fyrirtækið Heilsuvernd sem enn er starfandi. Ég stofnaði Mátt, heilsurækt en sú starfsemi rann inn í Hreyfingu. Ég fór sem sagt í atvinnurekstur þar sem þekking mín sem læknir nýttist,“ segir Grímur.

# Íslensk netverslun á blússandi siglingu

## Svipmynd

**Egill Fannar Halldórsson**

**Svipmynd:**
Menntun: Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund

**Störf:**
Eigandi Gorilla vöruhúss og ferðaþjónustufyrirtækisins Wake Up Reykjavík

**Fjölskylduhagir:**
Trúlofaður Tönju Ýri sem er viðskiptakona, áhrifavaldur, fegurðardrottning og ég veit ekki hvað og hvað.




**Egill Fannar Halldórsson er annar af stofnendum Górilla vöruhús en fyrirtækið hóf starfsemi fyrir tæplega einu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Egill Fannar Halldórsson er annar af tveimur stofnendum Gorilla vöruhús sem tekur á móti vörum, hýsir lager, afgreiðir og dreifir pöntunum fyrir 30 íslenskar netverslanir og heildsölur. Fyrirtækið var stofnað fyrir tæpu ári en það hóf nýlega samstarf við TVG Zimsen í nýju lagerhúsnæði í Vatnagörðum.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Morgnarnir hjá mér eru alveg heilagir. Ég vakna alla morgna klukkan sex og gef mér um það bil klukkutíma til þess að lesa og borða stóran og prótínríkan morgunmat. Klukkan sjö mæti ég svo í ræktina þar sem ég æfi í 60-90 mínútur og fer í heitan og kaldan pott. Það er ekki hægt að leggja betri grunn að deginum! Eftir æfingu fer ég út að labba með gömlu konuna mína (hundinn Bellu) áður en við fáum okkur svo að borða. Ég mæti síðan niður í Gorilla vöruhús á milli 10 og 10.30.

*Hver eru helstu áhugamálin?*

Mér finnst alveg æðislegt að ferðast um og skoða heiminn okkar – hvort sem það er hér heima eða erlendis. Ég kann rosalega vel við mig á faraldsfæti, svo vel að ef það væri ekki fyrir hina ástríðuna mína, sem er að reka fyrirtækin okkar hérna heima, þá væri ég líklegast ekki hér, heldur með bakpoka á stanslausu ferðalagi um heiminn.

*Hverjar hafa verið helstu áskoranirnar í rekstrinum síðustu mánuði?*

Gorilla vöruhús hóf náttúrulega starfsemi fyrir bara rétt tæpu ári svo síðustu 11 mánuðir hafa verið vægast sagt lærdómsríkir. Okkar helsta verkefni hingað til hefur einfaldlega verið að læra inn á þennan bransa og hvernig má hýsa og afgreiða vörur á sem bestan hátt.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á síðustu misserum en meðal annars höfum við náð að afgreiða pantanir til viðskiptavina mun hraðar og gert þjónustuna ódýrari. En að byggja upp vöruhús frá grunni sem hýsir og þjónustar á fjórða tug verslana daglega er ekkert grín – sérstaklega með það í huga að ég hafði aldrei stigið fæti inn á lager fyrr en við opnuðum – en í dag erum við ótrúlega ánægðir með þann mikla árangur sem fyrirtækið hefur náð á þessum stutta tíma.

> **Núna sjáum við mikil tækifæri fyrir heildverslanir og rótgróin fyrirtæki sem geta sparað mikinn kostnað og einfaldað reksturinn með því að nýta sér miðlægan lager**

*Hafið þið fundið fyrir vexti í netverslun frá því að fyrirtækið var stofnað?*

Alveg pottþétt. Það liggur í augum uppi að netverslun hér heima eins og annars staðar er á blússandi siglingu og allt umhverfi í kringum verslun almennt er að breytast. Það eina sem við sjáum svart á hvítu er að okkar listi af viðskiptavinum er að stækka hratt og hjá flestum er reksturinn á góðri leið. Við erum bæði að taka á móti miklu af nýjum verslunum og rótgrónum fyrirtækjum sem hafa verið í rekstri í mörg ár.

Okkar aðalverkefni er og hefur alltaf verið að styðja við bakið á þessum verslunum og aðstoða þær við að veita betri þjónustu og vera samkeppnishæfar við erlenda risa sem eiga mjög stóran hluta af markaðinum hér heima.

*Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að markaðurinn muni þróast á næstu árum?*

Ég held að tíminn einn muni leiða það í ljós hvernig neyslumynstur okkar breytist nákvæmlega. En það er alveg klárt að verslun mun bara halda áfram að færast yfir á net og í snjalltæki – og það á við um allt, alveg sama hvort það eru almennar neysluvörur eins og fatnaður, matvæli, raftæki og þess háttar eða húsgögn, bílar og dýrari munir.

Fleiri lausnir og ýmsar uppfærslur á þjónustu okkar munu líka 100% líta dagsins ljós en ég held að með þessari þróun muni mjög margir færa sig frá þessu gamla, hefðbundna módeli sem er að reka dýrt verslunar- eða lagerrými, starfsfólk og þess háttar – og nýta sér þess í stað miðlægan vöruafgreiðslulager eins og Gorilla, sem er bæði ódýrara og getur einfaldað reksturinn mjög mikið.

*Hvaða tækifæri eru fram undan fyrir Gorilla?*

Núna sjáum við einmitt rosalega mikil tækifæri fyrir heildverslanir og rótgróin fyrirtæki sem ég held að geti sparað mikinn kostnað og einfaldað reksturinn hjá sér með því að nýta sér miðlægan lager eins og Gorilla vöruhús. Hingað til höfum við nær eingöngu verið að einbeita okkur að netverslunum en nýlega höfum við tekið inn þó nokkrar heildverslanir með góðum árangri.

Í byrjun sumars tókum við svo höndum saman með TVG Zimsen sem er dótturfélag Eimskips og stærsta flutningsmiðlun landsins. TVG býr yfir mikilli þekkingu hvað varðar bæði dreifingu og vöruhýsingu svo það gefur okkur mikinn byr undir báða vængi. Auk þess höfum við með þessu samstarfi getað boðið viðskiptavinum okkar betri kjör í innflutningi á vörum og hraðari dreifingu innanlands en áður hefur verið í boði. Svo tækifærin eru stór núna og mjög margt gott að gerast.

# Afnám hafta og háir vextir geri Ísland að góðum kosti

Fjárfestingastjóri BlueBay Asset Management, eins stærsta sérhæfða skuldabréfastýringarfyrirtækis Evrópu, telur að aflétting fjármagnshafta og háir vextir geri Ísland að aðlaðandi fjárfestingarkosti og býst við því að fleiri erlendir fjárfestar endurnýi kynni sín af landið.

Í nýlegu bréfi fjárfestingastjórans, Marks Dowdings, til fjárfesta er sjónum beint að stöðu íslenska hagkerfisins í kjölfar þess að fjármagnshöftin sem innleidd voru á haustmánuðum ársins 2008 voru nánast að öllu leyti afnumin.

Dowding bendir í bréfinu á að með auknu innflæði fjármagns til landsins og tilheyrandi gengisstyrkingu gæti verðbólga lækkað sem ætti að geta leitt til lægri vaxta.

Á móti geti kröfur verkalýðsfélaga um myndarlegar launahækkanir ýtt undir verðbólgu og dregið úr líkunum á vaxtalækkunum en fjárfestingastjórinn tekur þó fram að æ fleiri viðurkenni að stilla þurfi launakröfum í hóf þannig að þær verði skynsamlegri.



**BlueBay segir Ísland freista erlendra fjárfesta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum hafa sjóðir á vegum BlueBay Asset Management keypt ríkisskuldabréf í talsverðum mæli á undanförnum mánuðum. Sjóðastýringarfyrirtækið hóf innreið sína á hérlendan skuldabréfamarkað árið 2015.



**Mark Dowding, fjárfestingastjóri hjá BlueBay.**

Í bréfi Dowdings til fjárfesta í mars síðastliðnum sagðist hann, eins og upplýst var um í Markaðinum, búast við því að ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa lækkaði um eitt hundrað punkta á næstu tólf mánuðum og að gengi krónunnar styrktist um tíu prósent á sama tíma.

Gengi sú spá eftir gæti fjárfesting í slíkum bréfum mögulega skilað meira en tuttugu prósenta ávöxtun á tímabilinu.

Í bréfinu sagðist hann jafnframt telja að sterkari króna myndi á endanum þrýsta verðbólgu niður og gera Seðlabankanum kleift að lækka vexti á það stig sem tíðkast á öðrum þróuðum mörkuðum.

> **Sjóðir í stýringu BlueBay Asset Management hófu innreið sína á íslenskan skuldabréfamarkað á árinu 2015.**

Um leið gæti bankinn takmarkað áhættuna af því að vaxtamunarviðskipti leiði til bólumyndunar í hagkerfinu.

Í nýjasta bréfi fjárfestingastjórans, dagsettu 1. júlí, segir hann að afnám haftanna skapi mikil tækifæri fyrir fjárfesta, eins og áður var lýst. Seðlabankinn hafi lækkað stýrivexti sína að undanförnu og frekari lækkanir séu líklegar. Jafnframt geti Ísland notið góðs af áhuga þeirra fjárfesta sem taka tillit til svonefndra ESG-þátta – en ESG stendur fyrir umhverfismál, samfélagsmál og stjórnarhætti – við fjárfestingar sínar. **– kij**

# Meðferð samrunamála hjá SKE



**Magnús Þór Kristjánsson**
verkefna- og teymisstjóri hjá Samkeppniseftirlitinu



Í grein í Markaðnum þann 19. júní sl. gera lögmennirnir Helga Melkorka Óttarsdóttir og Halldór Brynjar Halldórsson meðferð Samkeppniseftirlitsins á samrunamálum og umgjörð um þær rannsóknir að sérstöku umtalsefni. Af greininni verður ráðið að samrunafyrirtæki standi berskjölduð gagnvart víðtækum heimildum Samkeppniseftirlitsins og að lítið hafi upp á sig fyrir fyrirtækin að leita réttar síns brjóti eftirlitið gegn þeim réttindum sem stjórnsýslulög tryggja þeim. Í þessu samhengi fjalla lögmennirnir um heimild 2. mgr. 17. gr. e. samkeppnislaga til þess að taka aftur til skoðunar samruna sem hafa verið ógiltir í kjölfar áfrýjunar vegna formgalla á málsmeðferð.

Óhjákvæmilegt er að gera athugasemd við þessa framsetningu lögmannanna sem ekki er studd gögnum eða tilvísunum til einstakra dæma. Er hún að tilefnislausu til þess fallin að fæla fyrirtæki frá því að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna og halda fram réttindum sínum.

### Rannsóknir samrunamála

Rannsókn samrunamála er eitt af meginverkefnum Samkeppniseftirlitsins. Ólíkt flestum öðrum málum fyrir stofnuninni snýr samrunaeftirlit ekki að brotum sem hafa átt sér stað heldur að því að vernda samkeppnislega gerð markaða og tryggja þannig möguleikann á virkri samkeppni til framtíðar. Samrunar sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni geta skaðað hagsmuni neytenda og almennings með alvarlegum hætti, til að mynda með hækkun verðs. Löggjafinn hefur metið það mikilvægt að hagsmunir almennings séu verndaðir með samrunaeftirliti.

### Heimild til þess að taka samruna aftur til meðferðar

Framangreindu ákvæði, sem lögmennirnir gera að umtalsefni í grein sinni, var bætt við samkeppnislög á árinu 2008 samhliða því sem reglur um rannsókn samruna voru styrktar og færðar til nánara samræmis við reglur sem gilda í EES/ESB-samkeppnisrétti. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína til samrunareglugerðar Evrópusambandsins og gerir samkeppnisyfirvöldum mögulegt að taka efnislega afstöðu til samruna sem hafa verið ógiltir vegna galla á málsmeðferð. Í greinargerð með lögunum kemur fram að ákvæðinu er ætlað að tryggja að samrunar sem hafa möguleg skaðleg áhrif á samkeppni fái efnislega umfjöllun.

> **Samkeppniseftirlitið fylgir málsmeðferðarreglum og verklagi sem tryggir réttindi málsaðila miklum mun betur en stjórnsýslulög gera ráð fyrir.**

Samkvæmt ákvæðinu er Samkeppniseftirlitinu heimilt, en ekki skylt, að taka mál sem eru ógilt á þessum grundvelli til rannsóknar að nýju. Kjósi eftirlitið að gera það hefur stofnunin 30 virkra daga frest til þess að taka ákvörðun að nýju um hvort rétt sé að hafna eða setja viðkomandi samruna skilyrði. Nauðsynlegt er að á þessu tímabili sé bætt úr þeim annmörkum sem kunna að hafa verið á fyrri málsmeðferð. Í framkvæmd hefur Samkeppniseftirlitið ekki beitt heimildinni og ljóst er að henni myndi aðeins verða beitt í þeim tilvikum þar sem framangreindir hagsmunir sem samkeppnislögum er ætlað að vernda eru í hættu.

### Málsaðilar láta reyna á meðferð máls

Í greininni láta lögmennirnir að því liggja að ákvæðið komi í veg fyrir að fyrirtæki telji það þjóna hagsmunum sínum að láta reyna á möguleg brot á málsmeðferðarreglum. Þvert gegn því sem lögmennirnir halda fram hafa samrunaaðilar iðulega haldið því til haga í málatilbúnaði sínum, m.a. fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála, að Samkeppniseftirlitið hafi ekki virt málsmeðferðarreglur. Í flestum þessara mála hefur nefndin ekki fallist á athugasemdir við málsmeðferðina, samanber meðal annars úrskurði áfrýjunarnefndar frá 8. mars 2019 í máli Lyfja og heilsu hf., 13. desember 2018 í máli Atlantsolíu ehf. og 16. janúar 2018 í máli Símans hf. en í öllum tilvikum var meðferð eftirlitsins tekin til ítarlegrar umfjöllunar og komist að þeirri niðurstöðu að henni væri ekki ábótavant.

Staðreyndin er sú að Samkeppniseftirlitið fylgir málsmeðferðarreglum og verklagi sem tryggir réttindi málsaðila miklum mun betur en stjórnsýslulög gera ráð fyrir. Þannig gefur Samkeppniseftirlitið út svokallað andmælaskjal í samrunamálum þar sem líkur eru á íhlutun. Í andmælaskjalinu er gerð ítarleg grein fyrir gagnaöflun og annarri meðferð málsins, ásamt því sem eftirlitið gerir grein fyrir frummati sínu í málinu. Þannig hafa málsaðilar tækifæri til að gera ítarlegar athugasemdir við bæði málsmeðferð og efnismat. Þessi samskipti eftirlitsins og málsaðila eru til þess fallin að gera meðferð málsins og þar með niðurstöðuna vandaðri.

Þetta er meginástæðan fyrir því að ekki hefur reynst nauðsynlegt að beita fyrrgreindu varúðarákvæði 2. mgr. 17. gr. e. samkeppnislaga. Ákvæðið er engu að síður mikilvægt til þess að tryggja þá almannahagsmuni að neytendur og viðskiptavinir þurfi ekki um ókomin ár að gjalda fyrir það að samkeppnishindrandi samruni náði fram að ganga vegna mögulegrar niðurstöðu áfrýjunarnefndar eða dómstóla um annmarka á meðferð viðkomandi máls. Engin haldbær rök styðja hins vegar við þá ályktun að varúðarreglan fæli málsaðila frá því að halda fram rétti sínum.

Að síðustu skal áréttað að Samkeppniseftirlitið vill að sjálfsögðu kappkosta með öllum ráðum eins skilvirka og vandaða rannsókn samrunamála og kostur er. Eftirlitið stefnir að því að nýta þá reynslu sem byggst hefur upp á síðustu misserum til þess að bæta enn frekar núgildandi verklag við meðferð samrunamála. Í því sambandi hyggst eftirlitið í haust efna til fundar í fundaröð sinni Samtal um samkeppni þar sem þetta efni verður rætt við ráðgjafa fyrirtækja.



# Skotsilfur

## Fengi falleinkunn



Leiðtogar Evrópusambandsins náðu í gær samkomulagi eftir langt og mikið þref um að tilnefna **Christine Lagarde**, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem næsta bankastjóra Evrópska seðlabankans. Skipanin kann að vekja nokkra athygli og kemur eflaust sumum á óvart enda er Lagarde hvorki hagfræðingur né sérfræðingur í peningamálum. Eitt er víst að Lagarde kæmist ekki í gegnum nálarauga hinnar íslensku hæfisnefndar um skipan seðlabankastjóra. Miðað við menntun hennar og starfsreynslu fengi hún varla viðtal hjá nefndinni.

## Til Kviku



**Almar Guðmundsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, er genginn til liðs við Kviku banka í kjölfar kaupa fjárfestingarbankans á GAMMA Capital Management og starfar nú sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði bankans. Síðustu ár hefur Almar stýrt uppbyggingu Krítar fjármögnunarlausna sem er í eigu sjóðs í stýringu GAMMA en eftir sameiningu Kviku og GAMMA breyttist skipulag innan samstæðunnar þannig að ýmsir starfsmenn færðust á milli félaga.

## Misvísandi hagtölur



Margir klóra sér í höfðinu þessa dagana yfir þeim hagtölum sem hafa verið gefnar út undanfarið en þær þykja gefa fremur misvísandi skilaboð um stöðu hagkerfisins, og þá ekki síst ferðaþjónustunnar, í kjölfar falls WOW air. Á sama tíma og ferðamönnum hefur fækkað og fjöldi gistinátta dregist saman hefur umferð bíla um hringveginn aukist meira í ár en í fyrra og kortavelta á hvern ferðamann aldrei verið jafn mikil og í maí, eins og **Stefán Broddi Guðjónsson** og kollegar í greiningardeild Arion banka bentu nýverið á. Hagfræðingar landsins ættu að hafa nóg fyrir stafni.

# Legó-fjölskyldan eignast Lególand á ný




Kirkbi, fjárfestingafélag Legó-fjölskyldunnar, hefur eignast hlut í Lególandi á nýjan leik en félagið, ásamt sjóði í stýringu Blackstone og kanadíska lífeyrissjóðnum CPPIB, festi í liðinni viku kaup á öllu hlutafé í Merlin Entertainment, sem á meðal annars danska skemmtigarðinn, London Eye og söfnin vinsælu Madame Tussauds. Danska fjölskyldan, sem er aðaleigandi Legó, seldi Lególand árið 2005. NORDICPHOTOS/GETTY

# Við borðum víst hagvöxt



**Konráð S. Guðjónsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs

Sem betur fer en vonandi ekki of seint eru Íslendingar ásamt öðrum þjóðum sífellt betur að vakna til vitundar um þann vanda sem mannkyn stendur frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga. Hverjum er ljóst að bregðast þarf við og leita leiða til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda með sem hagkvæmustum hætti. Vandinn er stór og eins og þá vill oft verða er tilhneigingin til að leita að blóraböggli. Einn blórabögglinn er hagvöxtur, sem fljótt á litið er skiljanlegt því margt í efnahagslífinu leiðir til mengunar. Við nánari athugun er þó afar vanhugsað að skella skuldinni á hagvöxt.

Hagvöxtur er breyting á vergri landsframleiðslu eða landsframleiðslu í daglegu tali. Landsframleiðsla er aftur á móti virði allrar vöru og þjónustu sem framleidd er innan ákveðins svæðis, oftast á einu ári. Landsframleiðsla er því mælikvarði á hversu miklum mælanlegum verðmætum og afurðum vinna, tækni og fjármagn skila sem við svo njótum með því að kaupa í matinn, hlusta á tónlist, fara til læknis, ferðast og hvað eina. Til að landsframleiðslan aukist þarf annaðhvort (eða bæði) fleiri vinnandi hendur, sem eðli málsins samkvæmt helst mest í hendur við fólksfjölda, eða framleiðniaukningu. Framleiðnin getur t.d. aukist vegna betri menntunar, hagkvæmari fjárfestinga eða tækniframfara. Þannig er hægt að gera meira fyrir minna. Ef landsframleiðslan aftur á móti minnkar felur það óhjákvæmilega í sér að fólk hefur almennt minna á milli handanna og iðulega atvinnuleysi eins og reynslan sýnir.

**Ekki gallalaus mælikvarði**

Landsframleiðsla er ekki og átti aldrei að vera endanlegur mælikvarði á lífskjör. Enda eru takmarkanir á því hvað landsframleiðsla mælir og mælingar á landsframleiðslu geta verið gallaðar eins og fjölmörg dæmi um endurskoðun hagtalna bera vitni um. Engu að síður er landsframleiðsla skýr og samræmanlegur mælikvarði og því afar gagnlegur til að skoða þróun samfélagsins yfir tíma eða í samanburði milli landa. Einnig eru tengsl milli landsframleiðslu á mann og ýmissa mælikvarða á lífsgæði – allt frá langlífi til hamingju. Eitt og sér segir það lítið og meira þarf til en háa landsframleiðslu, en það gefur augaleið að í ríkjum sem búa við háa landsframleiðslu á mann er meira svigrúm til að lifa heilbrigðu og öruggu lífi.

Vegna annmarka landsframleiðslu hafa verið þróaðar aðrar leiðir til að meta lífskjör landa. Vísitala félagslegra framfara (SPI) er einn slíkur mælikvarði. Hann sýnir svart á hvítu tengsl við landsframleiðslu þar sem öll þau ríki sem búa við mestu félagslegu framfarirnar búa við háa landsframleiðslu á mann en þau lönd sem reka lestina búa við lága landsframleiðslu á mann. Sömu sögu má segja um aðra slíka mælikvarða eins og „Better Life Index“.

**Meiri hagvöxtur, minni fátækt**

Í þessari umræðu virðist líka gleymast að 63% aukningar útblásturs frá 1990, sem Parísarsamkomulagið miðar við, til 2012 kom frá Austur-Asíu og Eyjaálfu – svæðum þar sem mestu efnahagsframfarir síðustu ára hafa átt sér stað og hundruð milljóna manna hafa brotist úr fátækt með betra aðgengi að menntun, auknu langlífi, fátíðari ungbarnadauða o.s.frv. Í því ljósi virðist andúð á hagvexti vera vegna misskilnings, vanþekkingar eða forréttindablindu sem verður allt að því mannfjandsamleg.

Í staðinn fyrir að horfa á hagvöxt sem vandamál er skynsamlegra að líta á kraft tækniframfara og efnahagslífið sem lausn á þeim gríðarlegu áskorunum sem steðja að. Með því t.d. að nýta betur fjárfestingar og aðföng eins og eldsneyti aukum við hagvöxt og vinnum um leið gegn loftslagsbreytingum. Þá er ágætt að muna að það skapar beinlínis hagvöxt á Íslandi að flytja inn minna eldsneyti. Breytt og umhverfisvænna neyslumynstur þarf að sama skapi ekki að draga úr landsframleiðslu heldur einfaldlega breyta samsetningu hennar.

Margir, helst allir, þurfa að leggjast á eitt við að gera hlutina með minni kostnaði fyrir umhverfið þannig að það auki lífsgæði almennings um allan heim. Sem vill svo skemmtilega til að er í anda þess sem hagvöxtur mælir: Hve mikið meira er gert fyrir minni tilkostnað.

# Fátt fær stöðvað illa rekin ríkisfyrirtæki

**SKOÐUN**



Helgi Vífill Júlíusson

BSRB, samtök opinberra starfsmanna, börðust kröftuglega fyrir þá félagsmenn sem starfa hjá Íslandspósti á dögunum þegar mótmælt var einkavæðingu ríkisfyrirtækisins. Í herlúðrunum ómaði gamall, skerandi falskur tónn um mikilvægi ríkisrekstrar á fjölda sviða mannlífsins.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á hrós skilið fyrir að stíga fram og lýsa yfir áhuga á að selja Íslandspóst. Það getur verið erfitt að viðra hugmyndir sem þessar í ríkisstjórnarsamstarfi við Vinstri græna. Það skiptir nefnilega sköpum að leiðtogar Sjálfstæðisflokksins tali með þessum hætti. Það hreyfir við umræðunni, eins og sést.

Því miður vildi Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra stíga varlega til jarðar. Hann taldi ekki tímabært að ræða sölu á fyrirtækinu og vildi sjá hver árangur af rekstrarumbótum á félaginu yrði.

Birgir Jónsson, nýr forstjóri Íslandspósts, má eiga það að hann lætur strax til sín taka. Hans fyrsta verk var að setja prentsmiðjuna Samskipti á sölu.

Það er lýsandi fyrir óráðsíuna hjá ríkispóstinum að hafa keypt illa rekna prentsmiðju á árunum fyrir hrun. Stjórnendurnir virtust ekki átta sig á þeim takmörkum sem ríkisrekstur setur þeim.

Sigurður Ingi þarf að hafa í huga að endurskipulagning á rekstri Íslandspósts breytir ekki þessu þrennu:

Í fyrsta lagi á ríkið ekki að reka flutningafyrirtæki sem dreifir bréfum, pökkum og stærri sendingum eins og Íslandspóstur gerir. Hann á ekki að vera í samkeppnisrekstri. Opinberu fé er betur varið í þarfari verkefni.

Í öðru lagi felst vandi Íslandspósts í því að bréfasendingum hefur fækkað með tilkomu internetsins. Ríkið sendir til dæmis ekki skattframtöl í pósti nema nauðbeygt. BSRB-liðar segja að póstþjónusta sé mikilvægur innviður en bréfasendingar eru það ekki lengur. Jafnvel þótt svo væri, geta einkafyrirtæki geta sinnt þjónustunni með myndarbrag.

Í þriðja lagi er ríkið með einkarétt á bréfasendingum. Pawel Bartoszek, forseti borgarstjórnar, vakti athygli á að Ísland væri síðasta EES-ríkið til að afnema þessa einokun.

Framkvæmdastjóri BSRB sagði í grein í Fréttablaðinu í gær að vandi Íslandspósts fælist í skorti á stefnumótun, ekki eignarhaldinu. Í þessu felst rökvilla. Vegna eignarhaldsins var skortur á stefnumótun. Aðhald hluthafa er með allt öðrum hætti en stjórnmálamanna. Það sem ekki skiptir síður máli er að þegar hefðbundin fyrirtæki ná ekki að fóta sig, líða þau undir lok. En vel rekin fyrirtæki fá að lifa áfram. Fátt fær stöðvað illa rekin ríkisfyrirtæki. Í því liggur vandinn.



# ÖLL SKILRÚM

## -30%





# TN MÖPPUSKÁPAR OG HIRZLUR

## -30%





# ÖLL FUNDARBORÐ OG FUNDARSTÓLAR

## -30%



# VALIN SÝNINGAREINTÖK
# Á ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI

# PRIMA VÖRULÍNAN
# LÆKKAR VARANLEGA UM 50%
## ALLT Á AÐ SELJAST, VÖRULÍNA HÆTTIR!

# Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# ÚTSALA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 3. júlí 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Varist vítið

**Nú virðist** sem þíða sé komin í samskipti Bandaríkjanna og Kína, en stórveldin hafa skipst á skotum allt frá því að Donald Trump tók við embætti. Trump hefur til þessa sett verndartolla á hinn ýmsa kínverska varning. Kínverjar kunna þó krók á móti bragði og hafa einkum sett verndartolla á bandarískar landbúnaðarvörur. Þar kom vel á vondan en Trump hefur notið mikils stuðnings meðal bænda í miðríkjunum sem verst verða úti. Málið verður því sífellt erfiðara fyrir Trump nú þegar styttist í kosningar og skýrir það sennilega vinahótin við Xi Jinping.

**Þetta** kalda stríð hefur nú þegar haft talsverð áhrif á alþjóðahagkerfið. Mark Carney, seðlabankastjóri Breta, lét hafa eftir sér í gær að hagkerfi heimsins gæti beðið skipbrot ef haldið yrði áfram á sömu braut. Benti hann á að viðskiptahindranir sem þessar væru í raun einsdæmi. Heimurinn sé mun tengdari en áður og því ljóst að áhrifin geti orðið margföld miðað við það sem þekkst hefur sögulega. Í því samhengi nefndi hann að viðskipti milli Kína og Bandaríkjanna nemi um 2 milljörðum dala á dag. Viðskipti Bandaríkjanna við Sovétríkin sálugu þegar best lét námu sömu upphæð á ársgrundvelli.

**Hagfræðingurinn** Nouriel Roubini virðist á sama máli, en hann telur merki um að sjálf hnattvæðingin sé að ganga til baka. Slíkt muni valda kreppu áður en langt um líður. Tollastríðið hafi nú þegar valdið samdrætti í fjárfestingum fyrirtækja sem aftur hafi keðjuverkun á framleiðslu og atvinnustig. Alheimskreppa sé óumflýjanleg. Ef Roubini og Carney reynast sannspáir mun allur heimurinn þurfa að súpa seyðið af popúlisma Donalds Trump. Forsetinn höfðaði til lægstu kennda kjósenda í kosningabaráttunni, og reyndi að búa til óvini í hverju horni. Kínverjar, Mexíkóar, innflytjendur og svo mætti áfram telja.

**Okkur** er vandi á höndum þegar tækifærissinnaðir lýðskrumarar þurfa að fara að efna loforðin. Bretar eru að upplifa það sama í Brexit-lönguvitleysunni, og meira að segja hér á landi er hópur manna sem virðist leynt og ljóst vilja að Ísland dragi sig út úr alþjóðasamstarfi. Vítin eru til að varast þau. Um það bera Brexit og Trump ófagurt vitni. Þá er bara vonandi að við berum gæfu til að koma auga á okkar eigin víti.


ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is


# Trefjapappírinn skilar hagnaði




Íslenska fyrirtækið sem framleiðir trefjapappírinn Filt, sem meðal annars er ætlaður til munntóbaksnotkunar, hagnaðist um 13 milljónir króna á síðasta ári. VTJ heldur utan um reksturinn en það er í jafnri eigu Vals Hermannssonar, eins af stofnendum Eldum rétt, og Hreins Loftssonar hæstaréttarlögmanns.

Félagið hafði 36 milljóna króna tekjur upp úr sölu á trefjapappírnum á síðasta ári sem þýðir að hlutfall hagnaðar af sölunni var 37 prósent. Tekjurnar námu 24 milljónum árið 2017 og hagnaðurinn 7 milljónum. Þá námu eignir félagsins tæplega 20 milljónum króna í lok síðasta árs og eigið féð 14 milljónum.

Skömmu eftir stofnun félagsins árið 2015 sagði einn stofnendanna í viðtali við Viðskiptablaðið að fyrirtækið væri komið með einkaleyfi fyrir hönnunina á Norðurlöndunum. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins er íslenski trefjapappírinn í virkri sölu í Svíþjóð og Sviss en auk þess er hann seldur í alþjóðlegri vefverslun fyrir munntóbaksvörur. – tfh

**27.06.2019**

**Það hefur lengi verið mín skoðun að þegar búið er að koma lagaumgjörð um þessa starfsemi í betra horf og gera nauðsynlegar breytingar á rekstrinum þá sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkið selji [Íslandspóst].**



Bjarni Benediktsson
fjármálaráðherra




Verðmæti

*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar


GSI OUTDOORS
KLÁR Í ÚTILEGUNA
Brennari fyrir gas 8.190 kr.
Brennari fyrir gas/vökvagas 12.990 kr.
Brennari fyrir gas 5.090 kr.
Tveggja manna sett 1.8L pottur, skálar, glös ofl. 14.590 kr.
Drykkjarkanna fyrir heita og kalda drykki 2.390 kr.
Ferðaflöskur fyrir sósur og vökva 2.990 kr.
Glæsilegt sett fyrir fjóra, hnífapör, skurðarbretti, áhöld o.fl. 11.890 kr.
Gaskútur 450g 1.890 kr.
Tveggja manna sett 1.4L pottur, skálar, glös ofl. 12.790 kr.
Léttur bolli 1.790 kr.
Diskasett fyrir einn 4.890 kr.
Glæsilegt hnífasett, skurðarbretti o.fl. 6.390 kr.
Gaskútur 230g 1.090 kr.
Gaskútur 110g 890 kr.
Kaffikönnur
9 bolla 8.590 kr.
6 bolla 6.590 kr.
3 bolla 5.590 kr.
2 rauðvínsglös 3.990 kr.
2 Vínglös (hægt að taka í sundur)
2 hvítvínsglös 3.690 kr.
Microlite brúsar, halda heitu og köldu
0,5L brúsi 5.490 kr.
0,7L brúsi 6.390 kr.
Tveggja manna ferðasett með brennara 22.990 kr.
Frábært sett pottar, panna ofl. 14.590 kr.
9" steikarpanna 2.690 kr.
12" steikarpanna 3.090 kr.
Pressu-könnur
1480ml. 10.090 kr.
591ml. 7.090 kr.
887ml. 7.390 kr.
Hnífapör fyrir einn 2.190 kr.
Glacier 0,5L brúsi 6.190 kr.
Löng skeið fyrir matseldina 1.090 kr.
Ferðasett fyrir einn, brennari, pottur ofl. o.fl. 16.490 kr.
Vatnspokar Ekkert plastbragð
10L 1.690 kr.
15L 1.890 kr.
20L 1.990 kr.
Stór ferðapottur 5,9L 22.990 kr.
Teketill 1L 4.590 kr.
Teketill 1,8L 5.790 kr.
Ferðakanna fyrir heita drykki 3.590 kr.
Glacier 1L brúsi 7.890 kr.
Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram
GG•sport
GG•sport
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata 200 Kópavogi, sími: 571 1020, www.ggsport.is
Opið virka daga frá 10.00 til 18.00, laugard. frá kl. 11.00 til 15.00

## Merkisatburðir

**1187** Saladín, soldáninn af Egyptalandi, gersigrar krossfaraherinn í Jerúsalem.

**1863** Orrustunni um Gettysburg, í amerísku borgarastyrjöldinni, lýkur með stórsigri norðanmanna.

**1885** Fyrsta Benz-bifreiðin er afhjúpuð í Mannheim í Þýskalandi. Þaklaus og með þremur hjólum.

**1921** Fálkaorðan stofnuð með konungsbréfi Kristjáns X. Hann er sjálfur á meðal fyrstu orðuhafa.

**1928** Bifreið ekið yfir Öxnadalsheiði í fyrsta sinn.

**1948** Íslendingar fá 39 milljónir dollara í Marshall-aðstoð frá Bandaríkjunum.

**1971** Jim Morrison, söngvari The Doors, deyr í París.

**2000** „Rauði“ Ken Livingstone tekur við völdum sem fyrsti almenningskjörni borgarstjóri Lundúna.



**Fjör á Óðali.** MYND: DAGBLAÐIÐ 5. OKTÓBER 1979.

# Barinn opinn til þrjú

**Þrjátíu ár eru liðin frá rýmkun vínsöluleyfis.**

Þrjátíu ár eru nú liðin frá því að leyft var að selja áfengi á nóttunni. Var það gert í júlíbyrjun árið 1979 að undirlagi Steingríms Hermannssonar dómsmálaráðherra. Undirbúningur að endurskoðun laganna var eitt af fyrstu embættisverkum Steingríms sem ráðherra. Fram að þeim tíma hafði aðeins verið heimilt að selja áfengi á veitingastöðum til klukkan 23.30 en með breytingunni var tíminn lengdur til klukkan 3.00 á föstudögum og laugardögum. Þá var vínveitingabann á miðvikudögum afnumið en vínveitingatími í hádeginu og síðdegis styttur til að koma til móts við óánægjuraddir.

Tilgangurinn var einfaldur með breytingunni: að auka frelsi og var sérstaklega horft til ferðamannaiðnaðarins í því samhengi. En víða erlendis þekktist að heimilt væri að selja áfengi fram á nætur. Var stefnan strax sett á að rýmka tímann á öðrum dögum vikunnar.

Skömmu áður en lögin voru samþykkt hafði borgarstjórn samþykkt sams konar tillögu frá Sjálfstæðisflokknum. Birgir Ísleifur Gunnarsson, borgarfulltrúi og fyrrverandi borgarstjóri, benti á að þegar væru veitingastaðir opnir fram á nætur og þar væri mikið fyllerí þrátt fyrir vínveitingabann. Þáverandi löggjöf þjónaði því ekki tilgangi sínum.

Ekki voru allir sáttir við breytinguna. Þá sér í lagi þeir sem beittu sér almennt gegn áfengisneyslu og voru uggandi að sjá töluverða fjölgun vínsölubúða á áttunda áratugnum. Í viðtali við Alþýðublaðið sagði Ólafur H. Árnason, formaður áfengisvarnanefndar:

„Þetta er hlutur sem framkvæmdur var í öðrum löndum fyrir tíu árum og gafst illa. Þessi lönd eru nú þegar að þrengja þessar reglur sínar á meðan við stígum spor í hina áttina.“

Sumir vildu hins vegar ganga lengra í rýmkun áfengisreglna. Til dæmis hinir ungu þingmenn Vilmundur Gylfason, Ellert B. Schram, Eiður Guðnason og Friðrik Sophusson. Lögðu þeir fram frumvarp um að vínveitingatíminn yrði gerður algerlega frjáls og áfengiskaupaaldurinn færður niður í átján ár.

Helstu skemmtistaðir í Reykjavík árið 1979 voru Ártún, Glæsibær, Hollywood, Hótel Borg, Hótel Saga, Ingólfscafé, Klúbburinn, Leikhúskjallarinn, Óðal, Sigtún, Snekkjan og Þórscafé.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**



Yndislegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Aðalsteinn Finnur Örnólfsson**

vélfræðingur,
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Gullsmára 7,

lést fimmtudaginn 27. júní sl.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Elín Eiríksdóttir**
**Eiríkur S. Aðalsteinsson** — **Ingibjörg Jónmundsdóttir**
**Aðalsteinn V. Aðalsteinsson** — **Birna Kristbjörnsdóttir**
**Ragnar Aðalsteinsson** — **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Margrét Aðalsteinsdóttir** — **Steinar Magnússon**
**Þorbjörg Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir og bróðir,

**Brian Henry Roff**

lést á heimili sínu í Sacramento, Kaliforníu, sunnudaginn 16. júní sl.

**Patricia**
**Julie, Kelsie, Arnold, Stefanía, Allan og Kristín**



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför frænda okkar,

**Helga Gunnars Þorkelssonar**

skrifstofumanns,
Barmahlíð 51, Reykjavík.

Starfsfólki á Borgarspítalanum deild B2, Vífilsstöðum og Sóltúni sendum við sérstakar þakkir.

**Sigríður Helga Þorsteinsdóttir, Jón Ingi Guðmundsson, Þorsteinn Kári, Guðmundur Kristján og Friðgeir Ingi Jónssynir, Þorsteinn, Guðrún Ása og Friðgerður Ósk Jóhannsbörn, Elva Dögg Gunnarsdóttir, Vagn Leví Sigurðsson og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og vinsemd við andlát og útför eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðríðar Karlsdóttur**
**(Rúrí)**
Mosabarði 8, Hafnarfirði.

Innilegar þakkir til allra sem önnuðust hana af alúð og umhyggju í veikindum hennar.

**Árni Rosenkjær og fjölskylda.**



Ástkær eiginmaður minn,

**Hafsteinn Steinsson**

rennismiður,
frá Hrauni á Skaga, síðast til heimilis að Suðurlandsbraut 58,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 25. júní sl.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. júlí kl. 13.

**Kristín Þórdís Davíðsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Laufey Guðbjörg Jóhannesdóttir**

Aðalgötu 1,
Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 29. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju 16. júlí kl. 13.

**Jóhannes M. Ingiþórsson** — **Guðbjörg M. Jónsdóttir**
**Margrét Ingiþórsdóttir** — **Jóhann Ingi Grétarsson**
**Ragnheiður Ása Ingiþórsdóttir** — **Gunnar Einarsson**
**Heiðar Ingiþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og besti vinur,

**Atli Freyr Guðmundsson**

fyrrum skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu,

lést 15. júní síðastliðinn.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Þökkum auðsýnda samúð.**
**Þorgerður Jónsdóttir**
**Svava María Atladóttir**
**Guðmundur Páll Atlason**
**Sigríður Arna Sigurðardóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Gísla Guðmundssonar**

húsasmíðameistara.

**Sólveig Margrét Ásmundsdóttir**
**Ásmundur Óli Gíslason**
**Aron Freyr Gíslason** — **Katla Sif Friðriksdóttir**
**Hafdís Gerður Gísladóttir** — **Bjartmar Ingi Sigurðsson**
**Lilja Björg Gísladóttir** — **Jón Baldvin Jónsson**
**Erla Guðrún Gísladóttir** — **Finnur Dellsén**
**Guðmundur Garðar Gíslason**
**og barnabörn.**



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SV • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.
Í FULLU FJÖRI
EKKI MISSA AF ÞESSU!
Betra BAK
SUMAR
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN
JOOP! elegante yes BOSS Calvin Klein KENZO
SÆNGURFÖT
Calvin Klein home
25–35%
AFSLÁTTUR
VERÐDÆMI CK-CANYON FULLT VERÐ: 24.900 KR.
ÚTSÖLUVERÐ 12.450 KR.
30%
AFSLÁTTUR
QUARDO BRUNN!
QUADRO. Ljósbrúnn, ítalskur gæðasvefnsófi.
FULLT VERÐ: 269.900 KR.
ÚTSÖLUVERÐ 188.930 KR.
BOSS Calvin Klein KENZO
SLOPPAR
HUGO BOSS
30%
AFSLÁTTUR
ALLIR SLOPPAR!
VERTÐDÆMI FULLT VERÐ: 24.900 KR.
ÚTSÖLUVERÐ 17.430 KR.
FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477
DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100
SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 5 |
| Ísafjörður | 9 | 8 |
| Akureyri | 16 | 2 |
| Egilsstaðir | 17 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 10 | 3 |
| Hveravellir | 8 | 5 |

Hæg suðvestanátt með smáskúrum sunnan- og vestanlands síðdegis, en dálítil rigning norðan- og austanlands. Hiti 10 til 18 stig að deginum hlýjast norðaustanlands síðdegis.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 4 |
| Ísafjörður | 5 | 5 |
| Akureyri | 9 | 2 |
| Egilsstaðir | 8 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 2 |
| Hveravellir | 7 | 1 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 3 |
| Ísafjörður | 6 | 3 |
| Akureyri | 7 | 2 |
| Egilsstaðir | 7 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 3 |
| Hveravellir | 8 | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | 2 | 1 | |
| | 2 | | 7 | | 4 | 3 | | |
| | 3 | | 5 | | | | | 9 |
| 9 | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 7 | 3 | 4 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| 6 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Mjóróma
5 Fugl
6 Óreiða
8 Krydd
10 Í röð
11 Kraftur
12 Svari
13 Kviður
15 Ásýnd
17 Boða

**LÓÐRÉTT**
1 Samþýða
2 Krukka
3 Stígandi
4 Klór
7 Skilgreina
9 Krydd
12 Kvk. gælunafn
14 Í viðbót
16 Rómversk tala




**LÁRÉTT:** 1 skræk, 5 ari, 6 rú, 8 múskat, 10 rs, 11 afl, 12 ansi, 13 magi, 15 auglit, 17 kalla.
**LÓÐRÉTT:** 1 samrýma, 2 krús, 3 ris, 4 krafs, 7 útlista, 9 kanill, 12 agga, 14 auk, 16 il.

## Skák Gunnar Björnsson

Botvinnik átti leik gegn Capablanca árið 1938.

**1. Ba3! Dxa3 2. Rh5+! gxh5 3. Dg5+ Kh8 4. Dxf6+ Kg8 5. e7 1-0.** Hannes Hlífar Stefánsson hefur unnið tvær skákir í röð á alþjóðlegu móti í Budejovice í Tékklandi. Hann hefur 2 vinninga eftir 4 umferðir.

**www.skak.is:** Ofurmót í Zagreb.

Hvítur á leik








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Á þeysireið úti í víðáttunni

TÓNLIST

★★★★½

**Söngtónleikar**

**Andri Björn Róbertsson söng lög eftir Schumann, Sigvalda Kaldalóns, Jórunni Viðar, Atla Heimi Sveinsson og Árna Thorsteinsson. Ástríður Alda Sigurðardóttir lék á píanó.**

**Hafnarborg**

Föstudaginn 28. júní

Flestir kannast við ánægjuna við að detta í konfektið um jólin. Mér leið einhvern veginn þannig á opnunartónleikum Sönghátíðar í Hafnarborg á föstudagskvöldið. Og það án þess að fá samviskubit.

Konfektmolarnir voru gömlu góðu lögin; Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns, Kall sat undir kletti eftir Jórunni Viðar, Nótt eftir Árna Thorsteinsson og mörg fleiri. Þau voru sungin af Andra Birni Róbertssyni bassa-bariton. Hann er ungur að árum og greinilega rísandi stjarna ef marka má söngferil hans erlendis upp á síðkastið, meðal annars í Covent Garden óperuhúsinu í Lundúnum.

Óhætt er að segja að frammistaða Andra á tónleikunum í Hafnarborg hafi verið hrífandi. Hann hafði líka allt með sér. Röddin var mögnuð, í senn hljómmikil og tær, tæknin prýðileg og tilfinningin fyrir inntaki mismunandi laga ávallt sannfærandi. Útkoman var glæsileg í hvert sinn.



Andri Björn Róbertsson. Hrífandi frammistaða, segir Jónas Sen.

### Tíminn stöðvaðist

Fyrsta lagið á efnisskránni var Á Sprengisandi. Krafturinn og tilþrifin í túlkuninni voru grípandi, áhrifin slík að manni fannst maður vera kominn á þeysireið á hestbaki úti í víðáttunni.

Næstu lögin voru einnig eftir Sigvalda, unaðslegar laglínur sem Andri söng af dásamlegri næmni og smekkvísi. Þar á eftir komu lög eftir Jórunni Viðar og Árna Thorsteinsson, og voru þau öll þrungin andakt, en líka léttleika þegar við átti. Friður á jörðu eftir Árna var svo seiðmagnað að það var sem tíminn stöðvaðist. Hvílíkir hápunktar!

### Ríkuleg innlifun

Eftir hlé var söngljóðabálkur eftir Schumann á dagskránni, Liederkreis. Þar er hlutverk píanósins veigameira, raddir þess og söngvarans eru jafn mikilvægar. Ástríður Alda Sigurðardóttir lék á píanóið, og var leikur hennar sérlega vandaður, mjúkur og dreymandi, en líka snarpur og líflegur þegar tónlistin krafðist þess. Andri söng sömuleiðis af ríkulegri innlifun, mismunandi andrúmsloft var ætíð útfært af skáldlegum innblæstri.

Sönghátíðin í Hafnarborg er nú haldin í þriðja sinn. Þetta árið er hún tileinkuð minningu Atla Heimis Sveinssonar sem lést fyrir skömmu. Þau Andri og Ástríður fluttu eitt aukalag, sem var eftir Atla við ljóð eftir Jónas Hallgrímsson. Það var afar fagurt, laglínan dillandi og meðleikurinn hugljúfur; óneitanlega frábær endir á tónleikunum.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA**: Glæsilegur söngur og píanóleikur, fallegt tónlist.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 3. JÚLÍ 2019

### Dans

**Hvað?** Dansferðalag á fljúgandi teppi
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Iðnó
Dansprógram sem blandar allskyns arabískum þjóðdönsum saman við vinsæla arabíska popptónlist. Allir geta dansað með. Fullorðnir greiða 1.000 kr. en öll börn og unglingar undir 18 ára dansa frítt.

### Fræðsla

**Hvað?** Sumarklipping á trjám og runnum. Hvað á að klippa? Hvenær á að klippa og hvernig á að klippa?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grasagarðurinn
Svavar Skúli Jónsson garðyrkjufræðingur og Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, sjá um fræðsluna sem hefst við aðalinngang Grasagarðsins. Þátttaka er ókeypis.

### Tónleikar

**Hvað?** Djasstónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hótel Edda á Laugum í Dalabyggð.
Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari, Ómar Guðjónsson gítarleikari og saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson. Enginn aðgangseyrir.

**Hvað?** Hádegistónleikar Schola cantorum.
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Hallgrímskirkja.
Kammerkórinn Schola cantorum flytur fjölbreytta dagskrá. Miðaverð er 2.700 kr.



Kammerkórinn Schola cantorum verður í Hallgrímskirkju.

**Hvað?** Tónleikar MIMRU
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** R6013, bílskúrinn á Ingólfsstræti 20.
Tónleikar söngkonunnar og lagahöfundarins MIMRU á Reykjavík Fringe Festival sem fram fer dagana 1.-6. júlí næstkomandi.

**Hvað?** Jazz með útsýni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloftum í Hörpu.
Kvartett Sigurðar Flosasonar skemmtir.

**Hvað?** Hin mikla klassík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan
Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Ourania Menelaou píanóleikari flytja klassísk verk. Miðasala er við innganginn. Miðaverð er 3.000 krónur.










# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2015-2016 Fjallabyggð - Reykhólahreppur**
**14.10 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar: Haukur Hauksson. e.
**14.55 Nýja afríska eldhúsið - Gana**
**15.25 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989** Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
**16.35 Með okkar augum** Fimmta þáttaröð þessara einlægu og skemmtilegu þátta þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir. e.
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Disneystundin**
**17.26 Tímon & Púmba**
**17.48 Sígildar teiknimyndir**
**17.55 Líló og Stitch**
**18.20 Vísindahorn Ævars Forn sverð**
**18.30 Fréttayfirlit**
**18.40 HM stofan**
**18.55 Holland - Svíþjóð** Bein útsending frá leik í undanúrslitum á HM kvenna í fótbolta.
**20.55 HM stofan**
**21.10 Víkinglottó**
**21.20 Nýbakaðar mæður** Norskur þáttur um móðurhlutverkið. Mæður ungra barna deila sögum af því hvernig líf þeirra breyttist þegar þær eignuðust sitt fyrsta barn og fjalla um allt sem þær vildu að þær hefðu vitað áður en þær tókust á við þetta krefjandi hlutverk.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veður**
**22.30 Leyndarmál tískuhússins** Leikin þáttaröð í átta hlutum sem gerist í París eftir seinni heimsstyrjöldina og segir frá tveimur bræðrum sem reka tískuhús. Bræðurnir eru mjög ólíkir og undir niðri krauma leyndarmál sem gætu stofnað öllu sem þeir hafa unnið fyrir í hættu.
**23.25 Haltu mér, slepptu mér** Þriðja þáttaröð af þessum rómantísku gamanþáttum um þrjú pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi. Leikarar: James Nesbitt, Helen Baxendale, John Thomson, Fay Ripley, Robert Bathurst og Hermione Norris.
**00.10 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Rocket Mortgage Classic** Útsending frá Rocket Mortgage Classic á PGA mótaröðinni.
**13.00 Rocket Mortgage Classic**
**18.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**18.50 Walmart Championship** Útsending frá lokadegi Walmart Championship á LPGA mótaröðinni.
**21.50 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**22.45 Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** A.P. BIO
**13.30** Black-ish
**13.50** Fam
**14.15** Lambið og miðin
**14.50** 90210
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** American Housewife
**20.10** Charmed
**21.00** Girlfriend's Guide to Divorce
**21.50** Bull
**22.35** Queen of the South
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** NCIS. Los Angeles
**02.20** Proven Innocent
**03.05** Get Shorty
**04.05** FEUD

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Sumarmál. Fyrri hluti
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Sumarmál. Seinni hluti
**14.00** Fréttir
**14.03** Tónlist frá A til Ö
**15.00** Fréttir
**15.03** Samtal um heilbrigðisþjónustu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Tengivagninn
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Brot úr Morgunvaktinni
**18.30** Útvarp KrakkaRÚ
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**20.30** Á reki með KK
**21.30** Kvöldsagan. Ósjálfrátt
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Sumarmál. Fyrri hluti
**23.05** Sumarmál. Seinni hluti
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30** Dressmaker
**13.25** Robo-Dog
**14.55** Jumanji
**16.40** Dressmaker
**18.40** Robo-Dog
**20.15** Jumanji
**22.00** Page Eight
**23.45** Nocturnal Animals
**01.40** Hell or High Water
**03.20** Page Eight

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** The Middle
**07.45** Grey's Anatomy
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Mom
**09.55** Fresh Off the Boat
**10.20** The Last Man on Earth
**10.40** Arrested Developement
**11.05** Asíski draumurinn
**11.40** Logi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef USA
**13.40** Lóa Pind. Snapparar
**14.15** Á uppleið
**14.40** God Friended Me
**15.25** Major Crimes
**16.10** Lose Weight for Good
**16.40** Stelpurnar
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55** Veður
**19.00** Víkingalottó
**19.05** Modern Family
**19.30** Jamie's Quick and Easy Food
**20.00** Shrill
**20.25** The Bold Type
**21.10** The Red Line
**21.55** Gentleman Jack
**22.55 You're the Worst** Hressilegir gamanþættir um tvo einstaklinga sem eru afar sjálfsgagnrýnin og á veröldina í kringum þau.
**23.20** L.A.'s Finest
**00.05** Animal Kingdom
**00.50** Euphoria 1
**01.45** Shetland
**02.45** Shetland
**03.45** Shetland
**04.45** Major Crimes

## STÖÐ 3

**19.10** Mom
**19.35** Bob's Burgers
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Angie Tribeca
**21.15** The Last Ship
**22.00** Westworld
**23.00** The Zen Diaries of Garry Shand
**01.20** iZombie
**02.05** Mom
**02.30** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Formúla 1. Austurríki - Keppni**
**10.20 Þróttur - ÍA** Útsending frá leik í Inkasso deild kvenna.
**12.00 Fylkir - KA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**13.40 Undanúrslit** Útsending frá leik í undanúrslitum Copa America.
**15.20 KR - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**17.00 Pepsi Max mörk karla**
**18.30 GYM** Frábærir nýir þættir í umsjón Birnu Maríu Másdóttur sem ræðir við íþróttafólk og áhugafólk um heilbrigðan lífstíl.
**19.05 Valur - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**21.20 3. liðið**
**21.50 Útsending frá leik í undanúrslitum Copa America.**
**23.30 UFC Now**
**00.20 Undanúrslit** Bein útsending frá leik undanúrslitum Copa America.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

**Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 08/16, ekinn 32 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.590.000 kr.

**TILBOÐ!**
**5.990.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**NISSAN Qashqai Tekna 4wd**
Nýskr. 05/15, ekinn 93 þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 2.890.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**HYUNDAI I10 Style**
Nýskr. 03/17, ekinn 48 þ.km,
bensín, 5 gírar.
Verð 1.690.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.290.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**NISSAN Juke Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 04/16, ekinn 53 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.




**HYUNDAI I20 Classic**
Nýskr. 06/13, ekinn 113 þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 1.190.000 kr.

**TILBOÐ!**
**890.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**RENAULT Clio Sport Tourer**
Nýskr. 09/15, ekinn 54 þ.km,
dísil, 5 gírar.
Verð 1.590.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.190.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 01/16, ekinn 59 þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 2.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**BMW X1 Xdrive18d**
Nýskr. 05/17, ekinn 41 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.790.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM94763

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bílaland**

SUMAR ÚTSALAN Í FULLU FJÖRI
Allt að 60% afsláttur




ALBA
Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt eða brúnt leður. Blátt, sinnepsgult, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

Litir í áklæði
Litir í leðri

Stóll í áklæði 52.493 kr. ~~69.990 kr.~~
Stóll í leðri 74.993 kr. ~~99.990 kr.~~
Skemill í áklæði 11.243 kr. ~~14.990 kr.~~
Skemill í leðri 18.743 kr. ~~24.990 kr.~~
Stóll og skemill í áklæði 63.735 kr. ~~84.980 kr.~~
Stóll og skemill í leðri 93.735 kr. ~~124.980 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN Sími: 558 1100
Reykjavík Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1









Listamaðurinn Tolli opnar einkasýningu nú á fimmtudaginn á flugvellinum í Vestmannaeyjum. MYND/AÐSEND

# Málaði Heimaklett sundur og saman

**Næsta fimmtudag opnar listamaðurinn Tolli einkasýningu á flugvellinum í Vestmannaeyjum. Hann segir magnað hve Vestmanneyingar tengi mikið við náttúruundrið Heimaklett.**

Fimmtudaginn 4. júlí verður opnuð sýning á nýjum olíumálverkum eftir listamanninn Tolla á Vestmannaeyjaflugvelli. Sýningin er samvinnuverkefni Isavia, rekstraraðila flugvallarins og Tolla.

„Ég er rosalega hress,“ segir Tolli glaður í bragði þegar Fréttablaðið nær tali af honum þar sem hann er að ferja verk á sýningarstað. „Ég er að koma með til Eyja stór og smá verk, þar sem ég er búinn að mála Heimaklettinn sundur og saman,“ bætir hann svo við.



Tolli segir alla þá sem hafa gaman af Heimakletti, Vestmannaeyjum og góðri myndlist eiga erindi á sýninguna.

## Náttúruundrið Heimaklettur

Sýningin er sú síðasta af fjórum sem Tolli hefur unnið í samstarfi við Isavia. Í seríunni hefur hann sýnt verk sín á flugvöllum á landsbyggðinnni. Hann hefur því haldið álíka sýningar á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum.



„Vestmannaeyjar eru Ítalía Íslands,“ fullyrðir Tolli „Þetta er í raun suðrið okkar. Svo eru Vestmannaeyingar blóðheitir og lífsglaðir. Fólk sem hefur lifað við erfiðar aðstæður, eldgosið og hafið. Maður finnur hvað Heimaklettur á stórt pláss í hjörtum þeirra. Það er ekkert náttúruundur sem Íslendingar tengja meira við en Vestmanneyingar gera við Heimaklett,“ segir Tolli.

Tolli kemur því með verk prýdd Heimakletti, og það í öllum regnbogans litum.

„Ég geri honum að ég tel það góð skil að Vestmannaeyingar eiga að geta speglað lífsgleði sína og kraft í þessum málverkum sem ég er að fara að sýna.“

## Litríkt og kraftmikið stöff

Hann hvetur fólk til að mæta á sýninguna, og sérstaklega þá sem eiga rætur að rekja til Eyja, til að gera sér ferð yfir sjóinn og berja verkin augu.

„Allir sem hafa gaman af náttúruundrinu Heimakletti, Vestmannaeyjum og góðri myndlist almennt eiga erindi á þessa sýningu,“ segir Tolli.

Sýningin á Ísafirði samanstóð mestmegnis af verkum sem sýndu landslagið fyrir vestan. Hann hafi þó ekki farið strangt eftir beinum tengslum verkanna við staðsetninguna á sýningunum hingað til.

„En þarna fer ég alla leið. Megnið á sýningunni sem ég opna núna á fimmtudaginn er úr Eyjum. Þetta er litríkt og kraftmikið stöff,“

## Svettið ekki allra

Næst á dagskrá hjá Tolla er Listahátíðin LungA á Seyðisfirði. Þangað ætlar hann að taka með svetttjaldið sitt. Aðspurður um áhrif svettsins viðurkennir Tolli að það sé svo sannarlega ekki allra.

„Svettið er fyrir þá sem hafa gaman af því að prófa eitthvað nýtt og skora sjálfa sig svolítið á hólm. Fyrir þá aðila er svett mjög fallegt, skemmtilegt og síðast en ekki síst áhrifamikið verkfæri. Fyrir listamenn sem og blaðamenn!“ segir Tolli glettinn að lokum.

steingerdur@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# SUMARPEPP
# OG SVEPP

35%
AFSLÁTTUR



SUMARTILBOÐ
**STÓR AMERIKANA PÖNNUPIZZA**

**1990**

**Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is**
**Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði**





**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# dagar

**Við fögnum skemmtilegasta mánuði ársins með veglegum sumarkjörum. Þeir sem tryggja sér nýjan bíl í júlí fá að auki glæsilegan ferðapakka fyrir bílinn að verðmæti 250.000 krónur.**




Búnaður bílanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er innifalinn í auglýstu verði. Athugið að kjörin gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni. Í sumum tilfellum er einungis um einn bíl að ræða.

## Kynntu þér sumarkjör og ferðapakka sem fylgja nýjum bílum.

**Sumarkjör og ferðapakkar gilda ekki með öðrum tilboðum.**


**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is


B|L

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




## Súr skattur

Enn á ný hafa hugmyndir um sykurskatt komið fram. Velmeinandi fólk virðist aldrei gefast upp á því að reyna að segja fullorðnu fólki hvernig það eigi að haga sér. Umræðan um skattinn er full af þversögnum. Tökum nokkur dæmi.

Í fyrsta lagi er orðum aukið að offita sé meira vandamál hér en annars staðar. Samkvæmt tölum OECD er hlutfall offitu hér minna en meðaltal OECD og minna en í t.d. Finnlandi.

Í öðru lagi er ráðgert að skatturinn verði aðeins lagður á gosdrykki og sælgæti. Það liggur þó fyrir að það eru ekki einu ástæður offitu. Langvarandi ofneysla á sykri og öðrum kolvetnum eru vandamálið. Rökin ættu því í raun frekar að leiða til þess að kolvetnaskattur yrði lagður á, sem væri auðvitað enn galnara en sykurskattur.

Í þriðja lagi virðist ekki liggja fyrir hvort sykurskattur myndi minnka offitu. Ég dreg ekki í efa að hár sykurskattur myndi draga úr sykurneyslu en spurningin er hvort hann hafi meiri áhrif á fólk sem neytir sykurs í hófi fyrir eða á fólk sem neytir hans í óhófi. Þeir sem neyta sykurs í óhófi til langs tíma eru í mörgum tilfellum að glíma við sykurfíkn. Ef skattar myndu vinna bug á fíkn þá væru t.d. engir alkóhólistar á Íslandi lengur.

Ríkisstjórnin ákvað að skipa nefnd til að skoða tillögurnar og væntanlega þennan súra rökstuðning að baki þeim. Það blasir við að það þarf að skoða þetta miklu betur áður en þjóðin verður gerð að tilraunadýrum fyrir velmeinandi fólk.








